

Samantekt yfir helstu athugasemdir sem fram komu í umsögnum	Úrvinnsla verkefnastjórnar
<p><b>Umsagnir án athugasemda við drög að landsáætlun</b></p> <p>Í umsögn <b>Seltjarnarnesbæjar</b>, <b>Reykjanesbæjar</b>, <b>Landbúnaðarráðs Dalvíkurbyggðar</b> kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við drögin.</p> <p><b>Sveitarstjórn Hörgársveitar</b> samþykkti að gera ekki almennar athugasemdir við áætlunina, en leggur áherslu á að í landsáætlun í skógrækt verði ekki lagðar fjárhagslegar kvæðir á sveitarfélögin í landinu umfram það sem nú er.</p> <p><b>Umhverfis- og atvinnuámalnefnd Svalbarðsstrandarhrepps</b> fagnar drögum að landsáætlun í skógrækt, 2021-2025. Nefndin leggur áherslu á að haft verði samráð við sveitarfélög og lýsir sig reiðubúna til samstarfs um skipulag skógræktar.</p> <p><b>Sveitarstjórn Skútustaðahrepps</b> gerir ekki athugasemdir við skógræktaráætlun Skógræktarinnar 2021 - 2031 og umhverfismat áætlunarinnar en hvetur til þess að Landgræðslan og Skógræktin auki samstarf sín á milli eða sameinist eftir atvikum. Jafnframt er minnt á að skipulagsvaldið er í höndum sveitarfélaganna, þar með talið sá hluti skipulagsvalds er varðar beitarmál.</p> <p><b>Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar</b> staðfesti eftirfarandi umsögn skipulags- og umhverfisnefndar: Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við skógræktaráætlun Skógræktarinnar 2021 - 2031 og umhverfismat hennar.</p>	<p>Þakkað fyrir umsögn. Kallar ekki á frekari viðbrögð.</p>
<p><b>Almennar athugasemdir</b></p> <p><b>Félag skógarbenda á Austurlandi</b> tekur undir umsögn LSE um landsáætlun í skógrækt og styður hana heilshugar.</p> <p><b>Bændasamtök Íslands</b> taka undir þá framtíðarsýn sem sett er fram í drögnum. Aukin skógrækt getur náð fjölbættum markmiðum líkt og segir í stefnunni. Þá er forgangsröðun markmiða skýr og eitt aðalmarkmið skógræktar á Íslandi næstu tíu ár er að binda kofelni.</p> <p><b>Náttúruvinnjasafn Íslands</b> hefur kynnt sér drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2025 og er þar margt ágætt lagt fram, til dæmis varðandi endurheimt vistkerfa og landgræðslu.</p> <p><b>Skógræktarfélag Reykjavíkur</b> fagnar landsáætlun í skógrækt og því faglega starfi sem hefur átt sér stað í starfi nefndarinnar. Það er stefna Skógræktarfélags Reykjavíkur byggja upp fjölbreytlega útivistarskóga sem eru öllum opin og er fagnað þeirri áherslu sem lögð er á þátt útivistarskóga í drögum að landsáætlun í skógrækt.</p> <p><b>Landvernd</b> skrifar í síni umsögn að um sé að ræða <b>ægnalega</b> og vel skrifaða lýsingu á <b>tækifærum</b> og leiðum til að <b>efla skógrækt</b> á Íslandi og í viðaukum má finna <b>ýmsar afar Skipulags- og umhverfisráð Vesturbýggðar</b> áréttar að ætíð þurfi að skoða umskóknir um skógræktarverkefni svæðisbundin. Aðstæða geta verið mismunandi og ólíkir hagsmunir sem þurfi ávallt að vega og meta hverju sinni.</p>	<p>Þakkað fyrir athugasemdir. Kallar ekki á frekari viðbrögð.</p> <p>Fleiri athugasemdir komu frá viðkomandi aðilum og er fjallað um þær neðar í skjalinu.</p>
<p><b>Landssamtök Skógareignenda (LSE)</b> benda á að "Eignahald á landi Íslands er um helmingaskipt í eigu þjóðar og bænda. Mögulega hefði verið hægt að ná breiðari samstöðu með aðkomu fulltrúa landbúnaðarins í nefndina."</p>	<p>Verkefnastjórn tekur undir þörfina á því að ávallt þurfi að skoða skógræktarverkefni svæðisbundin. Kallar ekki á breytingu á landsáætlun enda verði henni fylgt eftir með landshlutaáætlun í skógrækt í samráði við sveitarfélögin.</p>
<p>Í umsögn um lýsingu fyrir gerð skógræktaráætlunar, dags. 8. janúar 2019 setti <b>samband íslenskra sveitarfélaga</b> fram eftirfarandi áherslur gagnvart verkefninu og telur að þær hafi að einhverju leyti skilað sér í drögin en misvel þó:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd</li> <li>• Hugað verði að samlegð við uppfærslu á landskipulagsstefnu</li> <li>• Eldvamin og öryggismál fái umtalsvert vægi í áætluninni</li> <li>• Vandað verði til umhverfismats áætlunarinnar og landslagsvernd verði leiðarljósið</li> <li>• Gefinn verði tími til samráðs, m.a. við sveitarfélög</li> </ul> <p>Ljóst er að árangur af stefnumótun og áætlanagerð ræðst fyrst og fremst af þeim aðgerðum sem ráðist verður í til að ná markmiðum stefnunnar, því fjármagni sem til þeirra verður varið og vel skilgreindri ábyrgð á framkvæmd þeirra. Því er að mati sambandsins nauðsynlegt að útfæra skýrar aðgerðir og leggja mat á kostnað þeirra. Áskilur sambandið sér því rétt til að koma á frekari athugasemdum við kostnaðarmat áætlunarinnar þegar þar að kemur.</p>	<p>Sjá má svar við punktunum fimm neðar í samantektinni. Verkefnastjórn tekur undir mikilvægi þess að tryggj sé fjármagn til aðgerða ef árangur á að nást af stefnumótun og áætlanagerð. Landsáætlunin er fyrst og fremst stefna stjórnvalda sem síðan verður útfærð í landshlutaáætlunum um skógrækt sbr. 5 gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</p>
<p><b>Náttúrufræðistofnun</b> sendi ítarlega umsögn þar sem m.a. kemur fram mikilvægi þess að "[...]þegar um nýtt skóga er að ræða, verður að taka upplýstar og faglegar ákvarðanir um hvar og hvernig sú skógrækt á að eiga sér stað. Þær ákvarðanir eiga að byggjast á vísindalegum gögnum og í takt við þau viðmið náttúru- og landslagsvernd sem íslensk lög og alþjóðlegar skuldbindingar kveða á um. [...] Þrátt fyrir ágætis samráðsferli við undirbúning landsáætlunar er það mat Náttúrufræðistofnunar við lestur á drögnum að landsáætlun að meirihluti verkefnastjórnar hafi því miður litið mark tekið á ábendingum og sjónarmiðum stofnunarinnar." Á þetta sérstaklega við um ráðleggingar um eftirfarandi efnisatriði:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Val á svæðum fyrir skógrækt</li> <li>• <b>Umjöllun um og mat á áhrifum skógræktar á líffræðilega fjölbreytni</b></li> <li>• Umjöllun um og mat á áhrifum skógræktar á landslag og jarðminjar</li> <li>• Að almennt sé tekið tillit til sérstöðu íslenskra náttúru við ákvarðanatöku í skógrækt og þeirra jarð- og líffræðilegu ferla sem hafa mótað hana.</li> </ul> <p>Náttúrufræðistofnun óskar eftir því að tekið verði tillit til framkominna ábendinga og nauðsynlegum aðgerðum bætt í áætlunina við áframhaldandi vinnu við mótnu hennar.</p>	<p>Verkefnastjórn hefur endurskoðað málsgrein um val á landi í kafla 2.2.4.3. Orðið víðeigandi var tekið út og í staðinn skýrt frekar hvað átt var við, t.d. varðandi framrásu votlendis en nú kemur fram í texta að mælst sé gegn framrásu votlendis. Á sama stað var gerð sú breyting á texta að jarðminjum var bætt við upptalninguna: "Tillit verði tekið til verndar umhverfisþátta við val á landi til skógræktar, þ.m.t. fuglastofna, fagæts gróður, sérstaks landslags, jarðminja, fornleifa, og útsýnis, m.a. með mótnu nýrra gæðaviðmiða."</p> <p>Símuleiðis var kveðið sterka á orði varðandi ný gæðaviðmið um skógrækt en eins og fram kemur í textanum þá er Skógrækt í <i>sótt</i> við umhverfið orðin úrelt að hluta. Texta landsáætlunar hefur verið breytt á þá leið að nú stendur í kafla 2.2.4.3: "Eldri gæðaviðmið, Skógrækt í sátt við umhverfið, eru orðin úrelt að hluta. Því verða ný samín. Þar verður m.a. fjallað um val á landi til skógræktar, áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni, mat á áhrifum skógræktar á íslenska náttúru, landslag og jarðminjar auk annarra mikilvægra þátta. Mun Skógræktin hafa forgöngu um það og verði þeirri vinnu lokið fyrir fyrstu endurskoðun þessarar landsáætlunar, þ.e. innan fimm ára." Í stað "Eldri gæðaviðmið, Skógrækt í sátt við umhverfið, eru orðin úrelt að hluta. Því verða ný samín og kynnt."</p> <p>Verkefnastjórn tekur undir mikilvægi þess að áætluninni verði fylgt eftir í neðri stjórnsýslustigum. Samkvæmt lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019, skal Skógræktin í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, skógarbandur og aðra hagsmunaaðila vinna landshlutaáætlanir þar sem útfærð er sú skógræktarstefna sem birtist í landsáætlun. Þessu hefur verið bætt við kafla 2.2.4.3.</p>
<p><b>Náttúruverndarsamtök Íslands</b> vekja athygli á því að meirihluti verkefnastjórnar virðist eiga hagsmuna að gæta í skógrækt og því megi telja álit minnihlats óhlutlaegra og trúverðugra á ýmsan hátt. Nauðsynlegt sé að tryggja að landsáætlun í skógrækt sé unnin í viðtæku og raunverulegu samráði á óhlutlaegan hátt þar sem fullt tillit sé tekið til sjónarmiða náttúruverndar og lagaákvæða þar að litandi svo og alþjóðlegra skuldbindinga. Að mati Náttúruverndarsamtaka Íslands þá uppfyllir tillaga meirihluta verkefnastjórnar ekki þessi sjálfsöguð og lýðræðislegu skilyrði.</p>	<p>Verkefnastjórn vekur athygli á að hún er skipuð af ráðherra samkvæmt lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Þakkað er fyrir athugasemdir og tekið undir mikilvægi goðs samráðs til þess að tryggja sem mesta sátt um áætlunina. Í upphafi var tekin saman lýsing áætlunarinnar og öllum sem vildu gefin kostur á að senda inn athugasemdir á samráðsgátt stjórnvalda. Í lýsinguinni kom fram að við mótnu landsáætlunarinnar yrði haft samráð við hagaðila, stofnarnir og félög. Upplýsingar úr samráði yrðu nýttar til þess að móta drög að landsáætlun og tilheyrandi umhverfismati. Fyrir utan þá aðila sem tilgreindir voru í lýsinguinni, voru nokkrir sem óskuðu eftir því að haft yrði samráð við þá. Samráð for fram gegnum viðtöl, auk þess sem nokkrir óskuðu eftir því að skila inn skriflegu svari efnisnagis eða aukalega. Að auki voru drög landsáætlunarinnar opin öllum til umsagnar á heimasíðu Skógræktarinnar.</p> <p>Verkefnastjórn fjallar sameiginlega um allar athugasemdir sem borist hafa. Þessari samantekt er gert að fjalla um hvernig þróuðist var við þeim. Eitt sem verkefnastjórn hefur verið tóðrætt um er vöntun á rannsóknum varðandi ýmis álitamál og uppfærðum gæðaviðmiðum varðandi skógrækt og er samhljóður um að nauðsynlegt þurfi að efla þessi þætti.</p> <p>Taflan hefur verið uppfærð en skráning hefur misfarist og bedist er velvirdingar á því.</p>
<p><b>HÍÓ íslenska náttúrufræðifélag (HIN)</b> telur að samráðsferlið sem var hluti af undirbúningi landsáætlunar í skógrækt, gegnum víðtal við formann verkefnastjórnar og innsendar ítarlegar og rökstuddar athugasemdir í kjölfarið, hafi litið skilað. Það séu nokkur vonbrigði að lítið tillit hafi verið tekið til athugasemda HIN.</p> <p>Af einhverjum ástæðum er ekki hakað við tvö atriði frá HIN í samráðstöflunni á bls. 63 í drögnum: að ekki skuli rækta skóg á lítt snortnum eða fágætum vistgerðum og svæðum á náttúruvinnjaskrá og að taka eigi tillit til landslags og leggja áherslu á að verja náttúruperlur og mikilvæg búsvæði fugla o.fl. tegunda. Í skriflegum svörum HIN í samráðsferlinu er lögð áhersla á mikilvægi þess að leggja mat á gildi vistgerða áður en tekin er ákvörðun um skógrækt og á mikilvægi opinna svæða fyrir fuglalíf og einkum sérstakar ábyrgðartegundir Íslands.</p>	<p>Verkefnastjórn telur að landsáætlun í skógrækt þurfi að endurspegla lögin í heild sinni, einnig hvað snýr að öðrum liðum fyrstu greinar laga nr. 33/2019. Í drögum landsáætlunar kveður við nýjan tón að mati verkefnastjórnar en nú er lögð jafn rik áhersla á ræktun og eflingu náttúruskóganna eins og ræktun nýttaskóga. Með því kveðið við nýjan tón sem sé í samræmi við lög um skógrækt nr. 33/2019 og eins í samræmi við margar af helstu stefnum ríkis og sveitarfélaga varðandi umhverfis- og atvinnuámal.</p> <p>Texta um ágangar tegundir í kafla 2.2.4.3 hefur verið breytt á þann veg að nú stendur: "Vegna ágreinings um að sumar innfluttar trjättegundir séu eða kunni að verða ágangar er rétt að hefja á ný frekari rannsóknir á því og mun Skógræktin hafa forgöngu um það, háð fjármögnun." Í stað: "Auk þess er mun auðveldara að stjórna útbreiðslu trjáa en flestra annarra líffæra vegna stærðar þeirra og langs kynslóðatíma. Er það t.d. gert án vandræða á Þingvöllum og í Ásbýrgi. Gerist þess þörf verða svipaðar aðgerðir innleiðdar á fleiri stöðum."</p> <p>9. líður 2. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 skilgreinir sjálfþærni á eftirfarandi hátt: <i>Sjálfþær nýting skóga: Ræktun, umsjón og nýting skóga og skóglendis sem er hagað þannig að eflid er til framboðar líffræðileg fjölbreytni, framleiðni, endurnýjun og þróttur skóga og gætt að samfélagslegum, hagrænum og vistfræðilegum þáttum og áhrifum á önnur vistkerfi nær og fjær.</i> Verkefnastjórnin hefur reynt að taka tillit til allra þessara þátta við gerð landsáætlunar.</p>
<p>Varðandi þau drög að því umhverfismati landsáætlunar í skógrækt sem lögð voru fram til samráðs með drögnum að Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 viljum við undirritaðir koma því á framfæri að við teljum þessa mikilvægu matsgerð ófullnægjandi. Hún er of grunn til að unnt sé að meta hin miklu og viðtæku áhrif landsáætlunar í skógrækt í bráð og lengd. Þetta mikilvæga teki, mat á umhverfisáhrifum, virðist auk þess ekki hafa verið notað sem gagnvirk leið til að þróa áætlunina heldur unnið sjálfstætt.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að sú áhersla sem fram kemur á endurheimt birkiskóga í drögum að landsáætlun í skógrækt er fagnaðaræfni, en auk þess er áriðandi að útvíkka verndunarpáttinn með tilliti til vaxandi útbreiðslu ángera framandi tegunda.</li> <li>• Að alvarlegar athugasemdir eru gerðar m.a. við eftirtalin atriði: <ul style="list-style-type: none"> <li>- áætlun um stórfelda aukningu á ræktun innfluttra ángera trjättegunda,</li> <li>- skort á mati áætlunarinnar í heild á áhrifum á náttúru landsins,</li> <li>- ófullnægjandi hagrænt mat áætlunarinnar,</li> <li>- skort á samræmingu áætlunarinnar við alþjóðlega samninga, íslensk lög og reglugerðir,</li> <li>- misvísandi upplýsingar um tímalengd landsáætlunar,</li> <li>- túlkun höfunda draga landsáætlunar í skógrækt á hugtakinu sjálfþærni.</li> </ul> </li> <li>- túlkun höfunda draga landsáætlunar í skógrækt á hlutverki skógræktar í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum</li> </ul> <p>• Að brýnt sé að gera rammaáætlun um landnýtingu á Íslandi þar sem bæði skógrækt og landgræðsla yrðu veigamikil þættir</p>	<p>Verkefnastjórn tekur undir mikilvægi þess að áætluninni verði fylgt eftir í neðri stjórnsýslustigum. Samkvæmt lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019, skal Skógræktin í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, skógarbandur og aðra hagsmunaaðila vinna landshlutaáætlanir þar sem útfærð er sú skógræktarstefna sem birtist í landsáætlun. Þessu hefur verið bætt við kafla 2.2.4.3.</p>

Á margan hátt er skýrslan viðamikil og lýsandi um fjölmargt er áhræfir skógræktargeirann og stöðu hans hér á landi. Fjallað er ítarlegan og á upplýsandi hátt um helstu samninga og samþykktir er varða skógrækt með einhverjum hætti bæði hér á landi og alþjóðlega. **Stjórn Skógræktarfélags Íslands** gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði. Nr. 1. Sjá 1.2.5. Hver eru lyktilíðfangsefnið sem stefnan þarf að taka á 7&8. „að auðveldu aðgengi fólks .....“ og félagsamtaka í skógræktarstarfinu,“Einnig síðar í 2.2. Meginmarkmið 5 s. 11 & 26 Greinargerð með meginmarkmiði 5 Mikilvægt er að þessum þáttum verði sinnt með markvissum hætti. Mikilvægi innviðaruppgjagnar er óumdeilt svo sem með góðum vegum og stígum um skóglendi en er á sama tíma ekki fjármögðuð með nokkrum hætti. Hestamenn hafa komið ár sinni þannig fyrir borð að úthlutað er árlega af ríkissjóði til reidstíga víða um land. Það er áhugavert fordæmi.

Nr. 2. Erlend tengsi s. 46. Ekki er fjallað um fræðsluferðir Skógræktarfélags Íslands sem hafa verið haldnar árlega í vfr 20 ár en þær hafa opnað, fyrir leikum sem lærdóm, augu manna fyrir skógrækt bæði í Evrópu og víðar og þar með vikkad sjóneldirlárhring skógaræigrans á Íslandi.

Nr. 3. Skógræktarfélag Íslands s. 47í umfjölluninni hefði verið eðlilegt að fjalla ítarlega um Yrkjúsjóðinn hlutverk og starf, en hann hefur starfað í nær 30 ár. Auk þess Kolvið samstarfsverkefni SÍ og Landverndar ein sjóðurinn hefur eflist verulega frá stofnun 2007. Einnig hefði verið eðlilegt að fjalla sérstaklega um skógarreiiti aðilarfélaga SÍ. Vel yfir 200 einstaka skógarreiiti skógræktarfélaganna er að finna víða um land (gömlu skógargrindringar félaganna) þar á meðal vinsæluðu útivistarsvæði landsins.

Nr. 4. Landgræðsluskógar 3.2.8.3. & 55. Littlar upplýsingar ligga fyrir um lífun eða vöxt plantna. Ekki allskostar rétt því að í upphafsárum Landgræðsluskóga voru gerðar nokkuð ítarlegar rannsóknir á árangri Landgræðsluskóga sjá: https://www.skog.is/wp-content/uploads/2019/03/SRR\_1992\_lr.pdf. Þessum rannsóknum var fylgt eftir í nokkur ár. Það er hins vegar rétt að ekki hefur verið unnið markvissat rannsóknum síðan, nema hvað á vegum verkefnisins „Íslensk skógarúttekt“ á Mögilsá hefur farið fram mat á árangri (lífun, vöxtur, kolefnisbinding) á Landgræðsluskógarverkefninu meðfram öðrum skógræktarverkefnum, án þess að niðurstöður úr Landgræðsluverkefninu hafi verið teknar úr fyrir sviga og gerð sérstaklega grein fyrir þeim – sem væri auðvelt að gera.

Nr. 5.4.3 Meðferð skógræktar í stjórnsýslu sveitarfélaga s. 65.Í skýrslunni er fjallað nokkuð ítarlega um framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum og er þessi yfirlitð áæt. Það hefur hins vegar sýnt sig marg oft að leyfisumsóknir og meðferð og afgreiðsla þeirra hjá sveitarfélögum er oft á töfum með ölkindum. Telja verður brýnt að Skógræktin vinni að því að efla upplýsingar og verkþætti gagnvart sveitarfélögum þannig að slíkt ferli virki með „eðlilegum hætti“.

**Fuglavernd** hefur kynnt sér drögin og því miður teljum við þau falla á þáttum sem snúa að náttúruvernd og eru ekki sáttágrunnur sem vonast var eftir. Áætlað umfang skógræktar er slíkt að það mun hafa veruleg neikvæð áhrif á möfuglastofna. Þær tegundir sem á að nota í skógrækt eru flestar framandi og sumar ágangar eða mögulega ágangar líkt og stafafura.

Áætlað umfang skógræktar er slíkt að það mun hafa veruleg neikvæð áhrif á möfuglastofna. Þær tegundir sem á að nota í skógrækt eru flestar framandi og sumar ágangar eða mögulega ágangar líkt og stafafura. Landsáætlun í nýttjaskógrækt og einbeiti sér að skipulagi og ráðgjöf á þessu sviði. Landsáætlun í skógrækt þarf að taka mið af þessu, og jafnframt er eðlilegt sé stefnt að því að ráðgjöf um nýttjaskógrækt verði hjá atvinnuvegaráðuneyti. ... Gert er ráð fyrir að meginhluti aukinnar kolefnisbindingar verði með nýttjaskógrækt á lögbýlum. Til þess virðist þurfa að þrefalda árlega gróðursetningu, en ekki eru færð fullnægjandi rök fyrir framboði á heppilegu landi. Slíkri greiningu þar einnig að fylgja áætlun um hvers konar skógartré séu heppilegar á tiltekta landi.

**Jón Gunnar Ottósson** fyrrv. forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands (NI) stýður heilshugar framkomid séralit minnihluta verkefnastofnunar landsáætlunar í skógrækt. Hann vísar sömuleiðis til umsagna NÍ, Andrésar Arnalds og Sveins Runólfssonar fyrrverandi starfsmanna Landgræðslunar, Bird Life International, Sigurðar H. Magnússonar plöntuvistfræðings og Náttúruvinnisráðs Íslands og tekur undir hvert orð þeirra. Almennur sækist mjög eftir kaupum á kjarrí vöxnu landi til útivistar og frístundabyggða. Mikilvægt er að kanna hvort setja verði skordúr við plöntun á mjög hávöxnum innfluttum trjátegundum í þannig land og með mun ákveðnari hætti en nú er í landsáætluninni og jafnframt efla fræðslu á þessu sviði. **Ólafur Arnalds**, prófessor við LBHI, hvetur til þess að landsáætlun kvæði um að hefja stefnumótun um þessi atriði.

**Náttúruverndarsamtök Íslands** skrifa í sinni umsögn að Skógræktin sé helsti framleiðandi nýttjaviðar á Íslandi en í lögum er ekki gert ráð fyrir að Skógræktin ríki slíka starfsemi. Almenn er lítið á nýttjaskógrækt sem atvinnugrein og skógarbændur mynda búgreinasambandið "Landssamband skógareigenda". Eðlilegt er að Skógræktin hætti sem framkvæmdaaðili í nýttjaskógrækt og einbeiti sér að skipulagi og ráðgjöf á þessu sviði. Landsáætlun í skógrækt þarf að taka mið af þessu, og jafnframt er eðlilegt sé stefnt að því að ráðgjöf um nýttjaskógrækt verði hjá atvinnuvegaráðuneyti. ... Gert er ráð fyrir að meginhluti aukinnar kolefnisbindingar verði með nýttjaskógrækt á lögbýlum. Til þess virðist þurfa að þrefalda árlega gróðursetningu, en ekki eru færð fullnægjandi rök fyrir framboði á heppilegu landi. Slíkri greiningu þar einnig að fylgja áætlun um hvers konar skógartré séu heppilegar á tiltekta landi.

**Samtök Ferðaþjónustunnar** gera athugasemd við það að drögin hafi ekki verið kynnt á samráðsgátt, það sé staðurinn þar sem fólk og félagsamtök sæki upplýsingar um hvað sé að gerast hjá stjórnvöldum.

**Sambætting við aðrar áætlanir**

**Ólafur R. Dýrmondsson** beinir því til verkefnastjórnar að hún ræði og beini þeirri tillögu til ráðherra og ráðuneytis umhverfismála að tengja saman áætlanir á borð við landsáætlun í skógrækt og landgræðsluáætlun.

**Samband íslenskra sveitarfélaga** telur ástæðu til að nefna að meira og markvissara samráð hefði mátt hafa á milli vinnu sem fram fór á sama tíma við mótun landgræðsluáætlunar og endurskoðun landskipulagsstefnu. Í drögnum er fjallað um samlegð þessara áætlana, ásamt loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun ríkisins í loftslagsmálum, en ekki virðist vera nægilega skýr farvegur til samvinnu um mótun þessara áætlana.

Í þingsályktunartillögu að endurskoðaðri Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er því beint til sveitarfélaga að setja sér stefnu um aðlögun byggðar og samfélags að þeim afleiðingum sem hafa orðið og munu verða vegna loftslagsbreytinga. Þar er einnig gert ráð fyrir að sveitarfélög taki afstöðu í skipulagsáætlunum til þess hvaða takmarkanir þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga setja uppbyggingu og landnýtingu í sveitarfélaginu og setji viðeigandi skipulagsákvæði þar sem það á við.

Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er brýnt að framkvæmd þessara stefna og áætlana fari ekki fram í tómarými heldur verði lögð áhersla á samvinnu og virkt upplýsingastreymi um framgang þeirra, ekki síst til sveitarfélaga og samtaka þeirra. Markmið ætti að vera að aðgengilegar verði á einum stað upplýsingar um endurheimt rofins lands í þágu jarðvegsvendrar, endurreisn vistkerfa og ekki síst kolefnisbindingu. Mikilvægt er að slík kortlagning sé stöðluð yfir landið allt, utanumhald verði á þýrð stofnanna ríkisins og að sveitarfélög beri ekki kostnað vegna þessa.

**Reynir Kristinnsson**, stjórnarformaður Kolviðar, saknar betri tenginga milli landsáætlunarinnar og landnýtingaráætlana sveitarfélaga. Sveitarfélögin þurfa að koma inn með skýrum hætti hvar megi eða megi ekki vera skógur og þetta þarf að koma inn í aðalskipulag sveitarfélaganna eins fjótt og kostur er svo að það tefji ekki þegar kemur að umsóknum um framkvæmdaleyfi til skógræktar.

**HÍN** bendir á að í ljósi þeirra stórtæka áætlana um aukningu í skógrækt sem settar hafa verið fram, er nauðsynlegt að samþætta landsáætlunina mun betur við aðrar skipulagsáætlanir, ekki síst varðandi landnýtingu, en ráð er gert.

**Samtök náttúrustofa** bendir á að til að landsáætlun geti orðið raunhæf þarf að samræma hana við aðrar áætlanir um landnotkun á Íslandi. Nokkuð virðist hafa skort á þá vinnu fram til þessa, eins og kemur mjög greinilega fram í áliti minnihluta verkefnistjórnar landsáætlunarinnar.

**Ungir Umhverfissinnar** vilja að meiri áhersla sé lögð á samvinnu og samráð milli stofnana og annarra hagaðila til að tryggja vísindaleg rök sem liggja á bak við starfsemi í skógrækt og landvernd, og til að ná sem mestri sátt milli hagaðila.

**Náttúruverndarsamtök Íslands** telja að meirihlutaálitið geri ekki nægilega grein fyrir sjónarmiðum og skuldbindingum annarra ríkisstofnanna og stjórnvalda svo sem náttúruverndarlögum, skipulagslögum, lögum um umhverfismat og margvíslegum alþjóðlegum skuldbindingum sbr. ábendingar í minnihlutaáliti.

Verkefnastjórn tekur undir mikilvægi þess að gott aðgengi sé að skóguum til útivistar. Í samráðsferlinu við undirbúning landsáætlunarinnar var samhljómur í svári flestra samráðsaðila að skógar hafi sannað sig enn eina ferðina sem mikilvægann vettvangur fyrir útivist og heilisu á meðan á lokna líkamsræktarstöva stóð í heimsfaraldrí.

Verkefnastjórn bendir á víðauka áætlunarinnar en þar er gerð grein fyrir samstarfi og helstu framkvæmdarálum innan skógaræigrans.

Varðandi punkt 3, þá er landsáætlun fyrst og fremst ætlað að kvæða á um stefnu stjórnvalda þar sem fjallað er um stöðu og framfarir skóga í landinu, ásamt tölusettum markmiðum um árangur í skógrækt með hlidsjón af markmiðum skógræktarlaga nr. 33/2019. Það er því að mati verkefnastjórnar ekki hlutverk landsáætlunar í skógrækt að fjalla ítarlega um hina ýmsu sjóði og verkefni, en frekar setja skýra stefnu ríkisins varðandi skógrækt í landinu, m.a. hvernig megi auka þátttökunálgun frá breidd hópi samfélagsins og hvernig elgi að útfæra samstarf milli einkaaðila og ríkisins.

Varðandi athugasemd nr. 5 þá bendir verkefnastjórn á að landshlutaáætlanir í skógrækt muni taka á þessum þætti í samstarfi við sveitarfélög og aðra hagaðila.

Verkefnastjórn þakkar fyrir umsögnina sem snýr fyrst og fremst að vali á landi og tegundum til skógræktar og þá eru sérstaklega lagðar fram áhyggjur af áhrifum skógræktar á möfuglastofna. Verkefnastjórn tekur undir að þörf er á nánari rannsóknem en niðurstáða þeirra eru nauðsynlegar forsendur við gerð og endurskoðun áætlana.

Bætt hefur verið við setningu um möfuga í kafla 2.2.4.3. "MÖFUGLAR Vegna ágreinings um möguleg áhrif aukinnar skógræktar á stofnsterðir möfuga er þörf fyrir frekari rannsóknir og vöktun á því sviði."

Verkefnastjórn tekur undir það að skógrækt muni hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni og nauðsynlegt er að fara í yfirlitssamlegar rannsóknir til þess að kanna hvaða áhrif hinar ýmsu gerðir skógræktar hafa á líffræði og afar mikilvægt sé að taka tillit til smálekðaráhrifa allrar landnotkunar.

Verkefnastjórn telur að með því að vanda vel til verka við gerð, samþættingu og eftirfylgd hinna ýmsu áætlana þá megi komast hjá fjárútlátum hins opinbera enda sé ávallt haft í huga að aðgerðirnar hafi jákvæðar afleiðingar en valdi ekki skaða, hvort heldur sem er á líftíma þessara eða annarra áætlana. Það er einnig á þýrð leyfisveitenda og framkvæmdaraðila að framkvæmdirnar stangist ekki á við mikilvæg sjónarmið s.s. varðandi líffræðilega fjölbreytni. Í dag eru í gildi stefnur þar sem reynt er að samþætta ýmis sjónarmið, t.d. líffræðileg og hagræn. Í stefnumörkun um Þingvelli og Ásbýrgi kemur fram að barrtré verði fjárlægð þar sem þau sé út en núverandi lundir fái að standa fram að lokahöggi og víki þá endanlega fyrir upprunalegum gróðri svæðisins.

Verkefnastjórn þakkar umsögnina en nánar er gert grein fyrir athugasemdum Jóns Gunnars neðar í skjalinu.

Verkefnastjórn þakkar fyrir athugasemdirna. Það hefur lengi verið stefna Skógræktarinnar að gróðursetja ekki í kjarrí vaxið land, og í lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 kemur fram að markmið laganna er m.a. að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Það er ekki stefna landsáætlunar að gróðursetja í kjarr heldur þvert á móti stefnt að endurheimt náttúruskóganna, bæði með því gróðursetningum á stórum svæðum rofins og rýrs lands og vernd núverandi náttúruskóga.

Deiliskipulag þarf ávallt að vinna fyrir frístundabyggðir og í skipulagsskilmálum þeirra má setja ákvæði um afmörkun skógræktarsvæða og ákvæði um tegundandanotkun er tilfeini er til.

Verkefnastjórn þakkar athugasemdirna. Í víðauka 3 er Skógræktin skilgreind sem framkvæmdaaðili ásamt skógareigendum, Skógræktarfélagi Íslands og aðildarfélögum þess og verktökum (gróðrarstöðvum, skógarhögsverktökum o.fl.). Í greinargerð með markmiði 3.1 er fjallað um lönd í opinberri eigu: "Skógrækt á landi í almanna- og félagslegri eigu, þ.e. í þjóðskógunum, á landgræðslusvæðum, svæðum skógræktarfélaga og sveitarfélaga, verði til fjölbreyttra nytja, þ.m.t. víðarmýta. Áfram verður nýttjaskógrækt stunduð á öðrum svæðum en lögbýlum og hugsanlegt er að hún elgi einnig eftir að eflast vegna fjármögnunar aðila sem þurfa að kolefnisjafna sig. Fjárhagslega stöðin er óaðskiljanlegur hluti sjálfbærni og því bæði áskilegt og eðlilegt að nýttjar séu hluti af markmiðum skógræktar á landi í opinberri eigu." Í greinargerð með markmiði 3.2 segir að "Framtíðin felst í því að einkaaðilar komi stærkar inn í virðiskeðju skógarafurða. Hlutverk ríkisstofnunarinnar Skógræktarinnar verður æ meira að hvetja frekar en að leiða í því sambandi."

Bætt hefur verið við greinargerð með meginmarkmiði 2.1 og nú kemur skýrt fram að stefnt er að því að auka notkun birkis hlutfallslega meira en notkun annarra trjátegunda, miðað við núverandi hlutföll tegunda í skógræktarstarfi og skal sú ræktun m.a. fara fram á stórum svæðum rofins og rýrs lands. Fjölnýttjaskógrækt er mest notuð við góð skógræktarskilyrði í byggð, og á svæði sem í flestum tilfellum er skilgreint sem landbúnaðarsvæði á aðalskipulagsuppdrætti sveitarfélaganna.

Verkefnastjórn tekur undir þetta en vísar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem tók lokaákvörðun varðandi það hvernig kynna ætti drög að landsáætlun í skógrækt.

**### viðfangsefni umhverfismats ###**

Verkefnastjórn þakkar athugasemdirna en ráðherra ber að samræma þessar tvær áætlanir skv. lögum um skógrækt nr. 33/2019.

Verkefnastjórn þakkar athugasemdirnar og tekur undir mikilvægi samráðs, sérstaklega við þá aðila og þær stefnur sem tilgreinar eru í athugasemdum.

Bætt hefur verið málsgrein um áðkomu neðri skipulagsstíga í kafla 2.2.4.3 í áætluninni: "5. gr. laga um skóga og skógrækt segir að Skógræktin skuli í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, skógarbændur og aðra hagsmunaaðila vinna landshlutaáætlanir, þar sem útfærð er stefna um skógrækt úr landsáætlun í skógrækt. Í landshlutaáætlunum skal tilgreina skóga og skógræktarsvæði, aðrar áherslur í skógrækt sem fram koma í skipulagsáætlunum og lagasetningu og hvernig samstarfi um skógrækt við sveitarfélög, skógarbændur og aðra hlutaðeigandi skuli háttáð. Í þessu skipulagsferli er brýnt að hafa hagsmunaaðila vel upplýsta og efla samstarf eins og auðið er."

Hafa ber í huga að áætlanir ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila, eru í sífelldri endurskoðun og mótun. Þannig mun landsáætlun í skógrækt þurfa að taka tillit til annarra áætlana er fjalla um landnýtingu og umhverfismál, á þetta við um innlendur og alþjóðlegar stefnur, áætlanir og skuldbindingar. Sömuleiðis mun landskipulagsstefna og aðalskipulag svf. horfa til landsáætlunar í skógrækt, þegar hún liggur fyrir, við mótun stefnu um skógrækt þeirra áætlana. Eins munu landshlutaáætlanir í skógrækt verða mikilvægur vettvangur fyrir sveitarfélögin til þess að ræða og móta stefnu um aðlögun byggðar og samfélags.

<p>Í umsögn <b>LSE</b> kemur fram að land sem hentar til skógræktar á 200 hektara svæði eða stærra sé skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun þyrfti að hafa verkfæri til að flyta slíkum málum svo hefja mætti skógrækt hið fyrsta. Það ætti að vera kopsmál allra sveitarfélaga að veita leyfin sem fyrst og sem ódýrast. Fyrir sveitarfélög, landeigendur, stofnanir og landsmenn alla ætti þessi neifni að beita sér af öllum mætti fyrir því greiða fyrir vegferð þeirra sem vilja hefja skógrækt. Skýrari línur sem myndu auðvelda veitingu framkvæmdaleyfa væru góður hvati til sjálfbærni í annars harðbylu landi.</p> <p>Í umsögn <b>Félags Skógareigenda á Suðurlandi</b> er ferlið við að frá framkvæmdaleyfi til skógræktar orðið tímafrekara, flóknara og kostnaðarsamara en var fyrir árum áður síðan. Þetta er farið að torveldi innkomu nýrra aðila í skógrækt sem er mjög bagalegt, sér í lagi þar sem skógrækt er viðurkennd leið til að ráðast gegn loftslagsvanda. Ef hugað er að umhverfismálum þá er skógrækt öflug leið til að binda kolefni, en það verður ekki gert án trjátægunda sem hafa mikinn vaxtarhraða. Að mati félagsins ætti því að leggja áherslu á að auðvelda allar leiðir til að landeigendur geti hafið skógrækt án mikillar skrifinnsku og óþarfa íþyngjandi aðgerðra stjórnvalda. Það sama á við um stærðartakmarkanir. Land til skógræktar á 200 hektara svæði eða stærra er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar, en Skipulagsstofnun þyrfti að hafa verkfæri til að flyta slíkum umsögnum svo fyrirhuguð skógrækt geti hafist sem fyrst.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar umsögnina en telur ekki ástæðu til þess að breyta orðalagi í landsáætlun en þegar er bent á mikilvægi skilvirkrar stjórnýsu í kafla 2.2.2.1.</p>
<p><b>Skipulags- og byggingarnefnd Skorradalshrepps</b> leggur til að tekið verði undir minnihlutalaðtt verkefnisstjórnarinnar er varðar að sveitarfélög ber ábyrgð á veitingu framkvæmdaleyfis, sem jafnframt þarf að vera í samræmi við skipulag, sbr. 13. gr. laga nr. 123/2010 og 4.-5. gr. rg. nr. 772/2012. Mikilvægt er að landsáætlun sé skýr, taki tillit til gildandi laga s.s. laga um skóga- og skógrækt nr. 33/2019 og laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk gildandi alþjóðlegra samninga.</p> <p>Megin athugasemdir stjórnar <b>Landverndar</b> er það sem mætti kalla skort á heildarsýn á endurheimt náttúrugeða með landgræðslu og skógrækt annarsvegar og verndun landslag, náttúru og lífbreytileika hins vegar. Hér er ekki við verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt að sakast heldur hvernig viðfangefninu hefur verið uppskipt af löggjafanum. Hætt er við að heildarsýn glast þegar þessir mikilvægu þættir eru ekki samtvinnuðir í eina heildar sýn. Stjórn Landverndar gerir sér grein fyrir að skógrækt verður ekki stunduð án áhrifa á náttúrufar og djórallf. Það er því afar mikilvægt að skoða vel hver er ávinningur og hvegiu er fórnari í hvert sinn sem ákvarðanir um skógrækt eru teknar. Í drögnum segir að það sé á ábyrgð framkvæmdaðila (oftast landeigenda) að velja land til skógræktar og að taka tillit til verndarþátta við það val, enda er það hann sem ber ábyrgð á að farið sé eftir þeim. Eins og bent er á í álit minnihlutans virðist með framangreindri fullyrðingu lítið gert úr lögbundnu hlutverk sveitarfélaga og skipulagsáætlana. Í skipulagsáætlunum ætti að gera grein fyrir skógræktarsvæðum og sveitarfélög að veita leyfi eða hafna til samræmis, þá er að huga að umtalsverður kostnaður landeigenda við skógrækt er fjármagnaður með opinberu fé sem felur í sér mikla ábyrgð skógræktarinnar og enn frekari möguleika til að stýra skógrækt á Íslandi.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar umsögnina og fellir eftirfarandi setningu úr texta á bls. 25: "hæð er á ábyrgð framkvæmdaðila (oftast landeigenda) að velja land til skógræktar og að taka tillit til verndarþátta við það val, enda er það hann sem ber ábyrgð á að farið sé eftir þeim. Sveitarfélög koma að þeirri ákvarðanatöku með skipulagi og framkvæmdaleyfi."</p> <p>Símuleiðis var setningin "Einnig er eðlilegt að fjalla um samskipt skógræktar við aðra landnotkun. Oftast er það landeigandi sem ákveður að rækta skóg á sínu landi og ber um leið ábyrgð á samhæfingu við aðra landnotkun þar einnig." felld úr texta á bls. 25.</p> <p>Við aðalskipulagsgerð ber að fara að þeim lögum sem gilda um aðalskipulagsgerð og hefur Skipulagsstofnun umsjón með því að þessu sé fylgt eftir. Á aðalskipulagsuppdrætti og greinargerð með aðalskipulagi kemur fram hvar megi rækta skóg og hvar ekki.</p> <p>Varðandi framsetningu skógarþekju sem sett er fram sem hlutfall af heildarflatarmáli lands, þá hefur texta verið breytt á þá leið að skógarþekja er nú bæði sett fram sem hlutfall af heildarflatarmáli landsins og sem hlutfall af flatarmáli undir 400 m.y.s.</p>
<p><b>Náttúruverndarsamtök Íslands</b> benda á að á nokkrum stöðum í drögum meirihluta verkefnisstjórnar (bls. 17, 54, 58 og 59) er skógarþekja sett fram sem hlutfall af heildarflatarmáli Íslands. Þetta er óeðlilegt því að langt er því frá að hægt verði að rækta skóg á öllu Íslandi. Miklu eðlilegra er að miða við land þar sem tækilega væri hægt að rækta skóg, ræktanlegt land eða ákveðna flokka vistgerða skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar ábendinguna en samþjón má finna í henni og umsögn margra annarra varðandi samráð og samþættingu ýmissra, verkferla, stefna og áætlana ríkis og sveitarfélaga. Er tekið undir það og telur verkefnastjórn brynt að unnið verði að þessu við endurskoðun áætlunarinnar en í lögum um skóga og skógrækt kemur fram að ráðherra gefi út landsáætlun eigi sjáldnar en á fimm ára fresti. Í kafla 3.3 er fjallað um tengsi landsáætlunar í skógrækt við lög, aðrar áætlanir og alþjóðaskuldbindingar. Að undanskildum skipulagsáætlunum sveitarfélaga eru áhrifin öll á einn veg, þ.e.a.s. landsáætlun í skógrækt tekur mið af hinum áætlunum en ekki öfugt. Landsáætlun í skógrækt mun í framtíðinni hafa áhrif á skipulagsáætlanir sveitarfélaga í gegnum landslutaáætlanir í skógrækt sem unnar verða með sveitarfélögum og svæðissamböndum þeirra.</p>
<p><b>Bændasamtökin</b> telja að stjórnslýshindranir [...] draga úr líkunum á því að markmið í loftslagsmálum náist þar sem að tíminn sem glatast í þessu ferli vinnt aldrei til baka. Þá er einnig ástæða til þess að yfirfara reglur um hæðarmörk, gróðursetningar næri vatni og ám og að sett séu skýrari leiðbeiningar um ferli framkvæmdaleyfa á vettvangi sveitarfélaga. Mögulega væri lausn fölgín í að ábyrgð færist alfarið til sveitarfélaga um leyfisveitingar.</p> <p>Þá er bent á að samskipt landsáætlunar í skógrækt við aðra stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga þarf að vera skýr. Sem dæmi þarf að huga þarf að samelegð stefnunnar við landbúnaðarstefnu, uppferlu á landskipulagsstefnu, þjóðaröryggisstefnu, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og samþættingu við aðalskipulag sveitarfélaga og stefnu ríkisins í jarða- og fasteignumálum. Þá hlýtur einnig líf stefnunum um nýtingu jarða og fasteigna að skipta máli. Nánara og markvisara samráð hefði mátt fara fram milli vinnu að framangreindum áætlunum sem unnar voru á sama tíma en til að árangri þarf að gæta að samelegð og réttæð framangreindra áætlana.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar ábendinguna en samþjón má finna í henni og umsögn margra annarra varðandi samráð og samþættingu ýmissra, verkferla, stefna og áætlana ríkis og sveitarfélaga. Er tekið undir það og telur verkefnastjórn brynt að unnið verði að þessu við endurskoðun áætlunarinnar en í lögum um skóga og skógrækt kemur fram að ráðherra gefi út landsáætlun eigi sjáldnar en á fimm ára fresti. Í kafla 3.3 er fjallað um tengsi landsáætlunar í skógrækt við lög, aðrar áætlanir og alþjóðaskuldbindingar. Að undanskildum skipulagsáætlunum sveitarfélaga eru áhrifin öll á einn veg, þ.e.a.s. landsáætlun í skógrækt tekur mið af hinum áætlunum en ekki öfugt. Landsáætlun í skógrækt mun í framtíðinni hafa áhrif á skipulagsáætlanir sveitarfélaga í gegnum landslutaáætlanir í skógrækt sem unnar verða með sveitarfélögum og svæðissamböndum þeirra.</p>
<p>Helstu athugasemdir samtakanna lúta að eftirfarandi:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Við tegundval verði horft til þess að lágmarka kostnað við bindingu svo að hægt sé að binda meira magn kolefnis með skógrækt.</li> <li>Kostnaðarmat liggur ekki fyrir. Þannig er ekki hægt að gera sér grein fyrir því hvort að ætlunin sé raunhæf með tilliti til þeirra þjarga sem ákveðið hefur verið að leggja í skógrækt samkvæmt gildandi fjármálaáætlun</li> </ol> <p>Tilögur vegna helstu athugasemda:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Farið yfir leyfisveitingar og stjórnýsu sem tengist skógrækt með þá markmið að draga úr kostnaði og straumlinulaga ferli.</li> <li>Unnið verði kostnaðarmat aðgerða á grunni gildandi fjármálaáætlunar.</li> <li>Tegundval taki mið af því að hámarka bindingu kolefnis í skógi en einnig verði horft til annarrar verðmætatsköpunar, svo sem almennagæða og timburnytja. Þannig verði fjármagn nýtt með sem bestum hætti.</li> </ol>	<p>Tilgangur skógræktar getur verið margskiptur en framkvæmdaðilar horfa þó alltaf til þess að hámarka árangur og horft er í ýmsa þætti þegar ræktunaráætlun er gerð og ákvarðanir teknar, m.a. með tilliti til tegundavals, landvals og aðgerða. Eins er kostnaðaráætlun skoðuð út frá tilætluðum ávinningi en skógrækt með tegundum sem binda mikið kolefni og gróðursettar eru í frjósamt land kostar öllu jafna meira en gróðursetning í rýrt land þar sem áætlanlegt er að kolefnisbinding eða timburnytjar séu minni þó vistkerfisþjónusta þeirra skóga sé alls ekki minna virði.</p>
<p>Gerð er athugasemd við kafla 4.3 um meðferð skógræktar í stjórnýsu svf. <b>Hornafjörður</b> tekur undir minnihlutalaði um landsáætlun, skipulag, framkvæmdir og tengsi við aðrar áætlanir. Minnt á að til að veiting leyfa sé skilvirk, þá þurfi að skila inn tilskilyldum gögnum og að skógræktendur fái nauðsynlega aðstoð við öflun gagna. Umsagnir stofnanna geta verið nauðsynlegar í því ferli og óásettanlegt að gert sé lítið úr nauðsyn þeirra. Grenndarkynning er skylda skv. 13. g. skipulagslaga nr. 123/2010, nema skógræktin sé þegar afmörkuð sem slík (SL) í ASK. Framkvæmdir sem telja má til meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásynnd þess eru framkvæmdaleyfisskyldar og því ættu leiðbeiningar í landsáætlun til svf. að vera þess eðlis að leiðbeina um að mörkuð sé stefna í ASK m.a. um hvenær skógrækt er framkvæmdaleyfisskyld og hvenær ekki. Sveitarfélaginu Hornafirði þykir hæpið að lágmarka kröfur og umfjöllun sem skógrækt fær í stjórnkerfinu og í kynningu.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar umsögnina.</p> <p>Texta var breytt á eftirfarandi hátt á í kafla 4.3.2: "Varðandi grenndarkynningu þá er skipulagsnefndum sveitarfélaga heimilt, skv. 44. gr. laga skipulagslaga nr. 123/2010, að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd verði ekki hagsuminnar en sveitarfélagsins og/ eða umsækjanda." Í stað ""þá eru ekki lagalegar forsendur til að krefjast grenndarkynningar vegna skógræktar."</p>
<p><b>Skógrækt í samhengi loftslagsbreytinga</b></p> <p><b>Brynjar Skúlason</b> segir að til að hámarka árangur í bindingu kolefnis með skógrækt ætti að leggja höfuðáherslu á ræktun hraðvaxta stórvaxinna trjátægunda á láglandi. Sér í lagi á þetta við inn til landsins meðan 400 m hæðarlínu þar sem saman getur farið hámarks kolefnisbinding og ræktun nýtafjöldi. Timburskógar verða felldir og nýttir þegar þeir hafa náð þroska fyrir lokahögg og þá er það komandi kynslóða að ákveða hvort þar verði ræktuð timburskógar á nýjan leik eða eitthvað annað. Miða mætti við að skógarinn innihaldi eitthvert lágmark af birki, t.d. 2-5% til að birkið geti sáð sér út í nærliggjandi umhverfi ef skilyrði eru til þess, t.d. myndað skógararmörk ofan við gróðursettan skóg með tímanum. Mikilvægt er að kynbótastarf í skógrækt hafi góða kjölfestu til að tryggja vaxtaráttir og hraustan efnivið til skógræktar sem getur tekið á við yfirvofandi loftslagsbreytingar.</p> <p>Athugasemdir <b>Eyjafjarðarsveitar</b> við Meginmarkmið 2: Skógar og skógrækt verði lykilmætti í því að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040 og bindi eftir það meira kolefni en það losar. Skógar verði jafnframt aðlagðir loftslagsbreytingum. Skógrækt á bújörðum þar sem ræktunarskilyrði eru góð er mikilvæg leið til að ná þessu markmiði. Kynbætur og val á heppilegum efnivið til skógræktar er mikilvægt til að tryggja örugga skógrækt til lengri tíma.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar ábendinguna en telur ekki þörf á að breyta texta landsáætlunar.</p> <p>Í landsáætlun kemur fram að hlutdeild skógræktar verði að leggja grunninn að árlegri bindingu 500.000 tonna CO<sub>2</sub> ígilda fyrir árið 2040, umfram það sem var árið 2020, sem þýðir að stofna þurfi til skógar á um 60.000 ha lands (0,6% landsins) á næstu 20 árum, eða á um 3.000 ha alls árlega.</p> <p>Texta í kafla 2.1 hefur verið breytt á þessa leið: "Aukin útbreiðsla og vöxtur skóga verður meðal lykilmætti í að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040" í stað "Aukin útbreiðsla og vöxtur skóga verður lykilmætti í að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040".</p> <p>Þróðumarkmið hafa verið uppfærð úr 29% í 55% í vöðuka 1.</p> <p>Verkefnastjórn tekur undir mikilvægi fjölbættra markmiða með skógrækt og telur að meginmarkmiðin fimm nái ágættlega utan um þetta og að hinn fjölbreyttiligi hópur skógræktenda muni stuðla að því að markmiðunum verði öllum gert hátt undir höfði.</p>
<p><b>Stjórn Landverndar</b> telur mikilvægt að skýra betur í hverju hlí margumtalaða kolefnishlutleysi felst og hver hlutdeild skógræktar gæti orðið í því að ná þessu mikilvæga, en að því er virðist fjarlæg, markmið.</p> <p>Stjórn Landverndar telur afar mikilvægt að einblína ekki á bindingu kolefnis; skógrækt hefur fjölbætt jafn mikilvæg markmið; yndisskógur, skjól fyrir ræktun matvæla, vörn gegn náttúru- og auðlind sem byggingarefni og fjölbættar verðmætatsköpunar fyrir komandi kynslóðir. Ef bindingarsjónarmiðin verða alfarið í forgrunni er hætt við að önnur mikilvæg markmið gleymist. Sú áhersla á kolefnisbindingu sem kemur fram í drögnum er því of fyrirferðarmikil í samanburði við önnur mikilvæg markmið skógræktar. Þá hefur margt komið fram að aðgerðir í loftslagsmálum megi ekki rýra líffræðilega fjölbreytni. Kolefnisbindingu með skógrækt verður að skoða í því ljósi.</p> <p>Þau markmið í loftslagsmálum sem fram koma í drögnum þarf að uppfæra og miða við 55% sameiginlegt markmið ESB, Noregs og Íslands. Það tekur mörg ár frá fyrir gróðursetna að binda kolefni svo um muni í loftsagbókhaldi Íslands. Til að ná markmiðum um bindingu þarf að leggja áherslu á gróðursetningu og endurheimt birkskóga á fyrri hluta tímabilsins og veita fjármagn í samræmi við það.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar ábendinguna en telur ekki þörf á að breyta texta landsáætlunar.</p> <p>Í landsáætlun kemur fram að hlutdeild skógræktar verði að leggja grunninn að árlegri bindingu 500.000 tonna CO<sub>2</sub> ígilda fyrir árið 2040, umfram það sem var árið 2020, sem þýðir að stofna þurfi til skógar á um 60.000 ha lands (0,6% landsins) á næstu 20 árum, eða á um 3.000 ha alls árlega.</p> <p>Texta í kafla 2.1 hefur verið breytt á þessa leið: "Aukin útbreiðsla og vöxtur skóga verður meðal lykilmætti í að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040" í stað "Aukin útbreiðsla og vöxtur skóga verður lykilmætti í að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040".</p> <p>Þróðumarkmið hafa verið uppfærð úr 29% í 55% í vöðuka 1.</p> <p>Verkefnastjórn tekur undir mikilvægi fjölbættra markmiða með skógrækt og telur að meginmarkmiðin fimm nái ágættlega utan um þetta og að hinn fjölbreyttiligi hópur skógræktenda muni stuðla að því að markmiðunum verði öllum gert hátt undir höfði.</p>
<p><b>Ní</b> segir mikla þörf á fleiri grunnrannsóknum um áhrif skógræktar á jarðvegseiginleika.</p> <p><b>Samband íslenskra sveitarfélaga</b> telur að gögn fyrir áreiðanlegt losunarbókhald vegna landnotkunar séu af alltof skomum skammti og að efla þurfi rannsóknir um þetta efni sem hefur ekki verið nægjanlega sinnt miðað við það hversu mikilvægur þessi þáttur er í heildar kolefnisbúskap landsins. Jafnframt þarf að leggja áherslu á faglegar rannsóknir um skógræktarmál.</p> <p><b>Ólafur Stefán Arnarsson</b> bendir á að upplýsingar skorti varðandi áætlaða skógarkolefnisbindingu landsins næsta áratuginn (líftíma áætlunarinnar) en Orkusstofnun birti áætlaða árlega nýtanlega vatnsaflsorku.</p> <p><b>HÍN</b> segir að sannreyna þurfi með rannsóknum hvort fullyrðingar Skógræktarinnar um kolefnisbindingu barrskóga á Íslandi standist og mjög brýnt er að bera saman heildar kolefnisbindingu (ofan- og neðanjarðar) í samanburðarvistikurum, m.a. þeim sem helst eru tekin undir barrviðarplantekur.</p>	<p>Landsáætlun í skógrækt tekur mið af stöðu þekkingar í dag en tekið er undir mikilvægi þess að efla rannsóknir tengdar skógrækt, svo sem á sviði loftslags- og umhverfismála til þess að styrkja forsendur allrar ákvarðanatöku. Mikilvægt er að texti sé skýr hvað þetta varðar og í kafla 2.2.4.3 hefur honum verið breytt á eftirfarandi hátt: "Vegna ágreinings um að sumir innfluttar trjátægundir séu eða kunni að verða ágangar er rétt að hefja á ný frekari rannsóknir á því og mun Skógræktin hafa forgöngu um það háð fjármögnun." í stað "Auk þess er mun auðveldara að stjórna útbreiðslu trjáa en flestra annarra lífvera vegna stærðar þeirra og langs kynslóðatíma. Er það t.d. gert án vandræða á Þingvöllum og í Ásbyrgi. Gerist þess þörf verða svipaðar aðgerðir innleiddar á fleiri stöðum." Auk þess sem málsgrein um gæðavið í skógrækt hefur verið uppfærð með eftirfarandi viðbótum: "Þar verður m.a. fjallað um val á landi til skógræktar, áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni, mat á áhrifum skógræktar á íslenska náttúru, landslag og jarðminjar auk annarra mikilvægra þátta. Mun Skógræktin hafa forgöngu um það og verði þeirri vinnu lokið fyrir fyrstu endurskoðun þessarar landsáætlunar, þ.e. innan fimm ára."</p>

<p><b>Stjórn Vistfræðifélagsins</b> útilokar ekki að skógrækt geti verið ein þeirra aðgerða sem draga úr styrk koltvísýrings í andrúmslofti hér á landi en langtímaáhrifin hljóta að fara eftir hvers konar skógrækt er um að ræða og ekki síður til hvers afurðinnar eru nýttar. Félagið hvetur til aukinna rannsókna á áhrifum mismunandi skógræktar áður en ráðist er í umfangsmikla skógrækt í nafni loftslagsaðgerða til að ganga úr skugga um að tilætlaður árangur náist.</p> <p><b>Samtök Náttúrustofa</b> segja að til að hámarka gagnsæi og traust sé eindregið mælt með að reyna eftir fremsta megni að taka öll áhrif mismunandi skógræktar á mismunandi landi með í reikninginn þegar mismunandi leiðir eru bornar saman. Aðeins þannig getur fólk tekið upplýstar ákvarðanir.</p> <p>Í drögunum er mikil áhersla lögð á nýtskjógrækt sem ákjósanlega mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum. Ekki liggja fyrir vísindarannsóknir sem styðja þetta né samnanburður á heildarbindingu kolefnis í þeim innlendu gróðurlendum sem slíkum skögum verður plantað í. Síðast en ekki síst gera <b>Ingibjörg Svana Jónsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir</b> alvarlegar athugasemdir við tegundaval til nýtskjógræktar. Þar á áfram að byggja á stafafuru og sitkagreni, tegundum sem teljast áþengar eða mögulega áþengar í allmörgum löndum. "Við, og margir aðrir íslenskir vistfræðingar, teljum að þær séu líklegar til að breiðast út og verða áþengar hér á landi og gætu orðið ógn við íslensk vistkerfi og lífríki."</p> <p><b>Landgræðslan</b> telur að ekki sé augljóst að alltaf fari saman markmið um kolefnisbindingu og skógrækt og að mikið vanti upp á að kolefnisferlar í jarðvegi séu þekktir. Meta þarf hver binding er í ofanjarðar- og neðanjarðarkolefnisgeymum skógarins, þ.e. bæði í trjáum og jarðvegi. Skoða þarf hver líftími þessara geyma er út frá mismunandi nálgunum varðandi staðarval, tegundaval, umhirðu og lokanýtingu, þ.e. hversu langur tími líður þar til kolefni sem áður var bundið í gróðri og jarðvegi er komið aftur út í andrúmsloftið. Inn í þetta mat þarf að taka sjálfsáningu þeirrar tegundar sem til skoðunar er. Án þess að þessir þættir séu skoðaðir sérstaklega er ekki hægt að fullyrða að væntingar varðandi kolefnisbindingu náist.</p> <p>Landgræðslan leggur áherslu á að þó kolefnisbinding sé mikilvægt markmið í landgræðslu og skógrækt, þá eru jafnanfram aðrir þættir sem verður að meta jafngilda þegar lítið er til framkvæmdar og árangurs. Þetta eru þættir sem snúa að viðhaldi og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni íslenskra vistkerfa og viðhaldi og eflingu ýmissa annarra vistkerfisþjónusta. Ef farið er af stað með verkefni sem miðar að kolefnisbindingu á forsendum kolefnisbindingar eingöngu þá er hætta á að önnur ofantalin markmið muni smám saman vika.</p> <p>Einn meginröktuðningurinn fyrir skógrækt er aukin kolefnisbinding. Sá röktuðningur er þó veikur að mati <b>Náttúruverndarsamtaka Íslands</b> því að ekki er haldþætt samnanburður við aðra landnýtingarkosti, og þá sérstaklega núllkostinn þar sem náttúruverndarsjónarmið og ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar vega þungt (sjá nánar í greinargerð samtakanna). Í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda 2020 (bls. 142) er stefnt á að árið 2040 skili auknar aðgerðir í skógrækt ríflega 300 þúsund tonna CO2e aukningu í bindingu (miðað við grunnsviðmynd = ekki bætt við). Í meirihlutalítlögu um landsáætlun í skógrækt er gert ráð fyrir að auknar aðgerðir skili 500 þús tonnum CO2e meiri bindingu en árið 2020, eða um tvöfalt meiri en stjórnvöld gera ráð fyrir. Þetta kallar á skýringar.</p> <p><b>Ólafur Arnalds</b> skrifar að „Mikilvægt er að aðgerðir til kolefnisþjónunar valdi ekki umhverfisskaða að öðru leiti – það stoðar ekki að leitað sé við að leysa eitt umhverfisvandamál með því að búa til annað. Slíkt hefur verið nefnt rangsnúin aðferðafræði (e. perverse methods). Alþjóðlegar rannsóknir sýna að rangsnúnum aðferðum og hvötum hefur íúlegu verið beitt í nafni kolefnisbindingar (Jackson 2005, Lindenmayer o.fl. 2012). Markmiðum um kolefnisbindingu og umhverfismarkmiðum (m.a. CBD og FCCC) er best náð með endurheimt birkskóga. Enda þótt binding á hverja flatarmáseiningu á ári sé minni en í ræktuðum asparskógi eða barrskógi, þá getur náðst sami eða meiri árangur með sjálfræðslu birkis fyrir hverja kostnaðareiningu, enda mun stærri svæði sem tekin eru undir bindinguna.</p> <p><b>Umhverfisstofnun</b> telur að auknar rannsóknir á ávinningi skógræktar og endurheimtar náttúruskóga muni verða til þess að þekking á málaflokknum aukist og tekur stöðunin undir mikilvægi þess að áhersla verði lögð á frekari rannsóknir og þróun á aðferðafræði, sérstaklega á vali á svæðum undir skógrækt með tilliti til náttúruverndar.</p> <p><b>Ungir Umhverfissinnar</b> spyrja út í Markmið 2.1 stefnið á að binda 500.000 tonn CO2 fyrir árið 2040 en það séu engin rök færð fyrir að hverju þessi tala var valin. Er hún í samræmi við stefnu stjórnvalda um kolefnishlutleysi og aukna bindingu?</p>	<p>Þessi tala, 500.000 tonn, kom fram í samræðum við UAR snemma árs 2020 þegar rædd voru þau markmið að nettólosun gróðurhúslofttegunda (í CO2 íglidum) dragist saman um 29% árið 2030 miðað við 2005 og að kolefnishlutleysi Íslands (nettólosun verði núll) verði náð árið 2040.</p> <p>Síðan þá hefur þessi prósentutala verið hækkuð úr 29% í 55%, sbr. texta í viðauka 1.</p>
<p><b>Bændasamtökin</b> telja að hægt sé að auka hvata til skógræktar með því að koma á fót virkum markaði fyrir kolefniseiningar. Slík starfsemi þarf að hafa skýrt reglugerð svokomast megi hjá tvítalningu eininga og öðrum grænþvotti. Notkun alþjóðlegra víðurkenndra vottana er grunnforsenda. Af þeim sökum taka samtökin undir þau sjónarmið sem koma fram í stefnunni á bls. 17. Því er mikilvægt að löggjafinn skapi hvata, t.d. með afsletti af kolefnissgjaldi fyrir að styðja loftslagsverkefni. Jafn mikilvægt er að stjórnsýsla sé skilvirk og að löggjafinn setji ekki íþyngjandi ákæði, svo sem kröfur um mikið skrifræði, kostnaðarsama skýrslugerð eða tímafrekt umsagnarferli, t.d. við veitingu framkvæmdaleyfis.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar ábendinguna en telur ekki þörf á að breyta texta landsáætlunar.</p>
<p><b>Val á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags</b></p> <p><b>Vesturbýggð</b> segir að gæta verður að skógrækt falli vel að landi og myndi ákveðna samfellu. Þá leggur ráðið til að við skógrækt á Vestfjörðum verði, eins og kostur er, lítið til tegunda sem eru einkennandi fyrir svæðið og horft til náttúrulegs landslags.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar innkomnar athugasemdir. Landsáætlun í skógrækt á að gera grein fyrir forsendum á vali á landi til skógræktar. Fyrsta málsgrein með greinargerð um markmið 4.3 á bls. 24 hefur verið breytt á eftirfarandi hátt: Í stað "... Mikilvægt til að draga úr neikvæðum áhrifum er að velja land til skógræktar sem er ekki sérstakt, t.d. ekki með sjaldgæfum gróðri eða fundarstaður sjaldgæfra tegunda og ekki ríkulegt varpland fugla. Þá er mikilvægt að raska ekki votlendi eða gamalgrönu birkskóglendi vegna skógræktar og huga að landslagshelidum." Stendur eftir breytingu: "... Við val á landi til skógræktar er því mikilvægt að gera grein fyrir umhverfislegum og samfélagslegum verðmætum sem fyrir kunna að vera á tilvondandi skógræktarsvæði og verða fyrir áhrifum af skógrækt. Þau verðmæt verða svo borin saman við væntanlegan umhverfislegan, samfélagslegan og hagrænan ágöða af skógrækt. Niðurstaðan verði síðan hluti af úmsökn um framkvæmdaleyfi."</p>
<p>Það er mat <b>Náttúruminjasafns Íslands</b> að í áætluninni, sem tekur til stórra landsvæða, skorti töluvert á að tekið sé nægjanlegt tillit til margvíslegrar sérstöðu í náttúru Íslands, bæði hvað varðar tilteknar tegundir og vistgerðir þar sem í sumum tilfellum er um að ræða fagæti jafnt á landsvísu sem hnattrætt.</p> <p><b>Ungir Umhverfissinnar</b> benda á mikilvægi þess að horft sé til þess hvaða langtímaáhrif aukin skógrækt getur haft á ásynd landsins og þ.a.l. Ímynd landsins, en óhætt er að segja að Ísland sé þekkt fyrir mikla víðáttu og náttúrufergur. Skógar breyta skynjun fólks á landslagi, heimamanna sem og ferðamanna, bæði á jökvaðan og neikvaðan hátt. Hvað varðar rannsóknir þessu tengdu, sem geta varpað ákveðnu ljósi á þetta mál, vilja Ungir Umhverfissinnar benda á umfjöllun Önnu Dóru Sæþórsdóttur og Ranveigar Ólafsdóttur í Náttúrufræðingnum (90 (2-3), bls. 202-208, 2020) sem snýr að sýn fólks á víðáttu. Og samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var í Sviss (heimild í umsögn) kusu þátttakendur hennar (heimamenn og ferðamenn) helst landslag sem er að hluta til ræktað af skógi með miklum fjölbreytileika. Þátttakendur voru einnig á því að skógar þar <b>Að mati Sigurðar H. Magnússonar</b> getur margt umnist með viðhaldi og eflingu náttúruskóga og ræktun skóga með framandi tegundum hér á landi svo sem binding kolefnis, timburframleiðsla og timburnýttjar, er stórfleidd ræktun barrskóga hér á landi veruleg ógn við sérstæða náttúru Íslands. Ræktun barrskóga í stórum stíl mun t.d. hafa veruleg áhrif á landslag og ásynd lands. Því er afar mikilvægt að ræktun af þessu tagi sé vel skipulögð þar sem lítið er til langs tíma og hugsanlega áhrifa ræktunarinnar. Þar skiptir val á tegundum ásamt umhirða skóga afar miklu máli.</p>	<p>Í kafli 2.2.4.3 um val á landi stendur ekki lengur að taka eigi "viðeigandi tillit" heldur að taka eigi tillit til ... Sömuleiðis hefur orðinu gæðviðmið verið skipt út fyrir umhverfisgæðastaðlar.</p> <p>Í undirkaflanum <i>umhverfisáhrif</i> hefur textanum verið breytt á eftirfarandi hátt: Í stað "Ágöði af skógrækt er t.d. kolefnisbinding, framleiðsla skógarfúrða, jarðvegsvernd og göð aðstaða til útivistar. Dæmi um það sem kann að tapast eru varplönd sumna fuglategunda, sjaldgæf búsvæði lífliferutegunda, útsýni og óbreytt ásynd lands. Vegna annarra áherslna hér, t.d. um kolefnisbindingu, vernd líffjölbreytni og vernd birkskóga, er ljóst að framræsla votlendis og ruðningur náttúruskóga teljast ekki „viðeigandi“ og því ætti ekki að velja slík svæði til skógræktar“ stendur eftir breytingu "Ágöði af skógrækt er t.d. kolefnisbinding, framleiðsla skógarfúrða, jarðvegsvernd og göð aðstaða til útivistar. Dæmi um það sem kann að tapast eru búsvæði lífliferutegunda svæðis-bundid, útsýni og óbreytt ásynd lands".</p>
<p><b>Ungir Umhverfissinnar</b> benda á mikilvægi þess að horft sé til þess hvaða langtímaáhrif aukin skógrækt getur haft á ásynd landsins og þ.a.l. Ímynd landsins, en óhætt er að segja að Ísland sé þekkt fyrir mikla víðáttu og náttúrufergur. Skógar breyta skynjun fólks á landslagi, heimamanna sem og ferðamanna, bæði á jökvaðan og neikvaðan hátt. Hvað varðar rannsóknir þessu tengdu, sem geta varpað ákveðnu ljósi á þetta mál, vilja Ungir Umhverfissinnar benda á umfjöllun Önnu Dóru Sæþórsdóttur og Ranveigar Ólafsdóttur í Náttúrufræðingnum (90 (2-3), bls. 202-208, 2020) sem snýr að sýn fólks á víðáttu. Og samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var í Sviss (heimild í umsögn) kusu þátttakendur hennar (heimamenn og ferðamenn) helst landslag sem er að hluta til ræktað af skógi með miklum fjölbreytileika. Þátttakendur voru einnig á því að skógar þar <b>Að mati Sigurðar H. Magnússonar</b> getur margt umnist með viðhaldi og eflingu náttúruskóga og ræktun skóga með framandi tegundum hér á landi svo sem binding kolefnis, timburframleiðsla og timburnýttjar, er stórfleidd ræktun barrskóga hér á landi veruleg ógn við sérstæða náttúru Íslands. Ræktun barrskóga í stórum stíl mun t.d. hafa veruleg áhrif á landslag og ásynd lands. Því er afar mikilvægt að ræktun af þessu tagi sé vel skipulögð þar sem lítið er til langs tíma og hugsanlega áhrifa ræktunarinnar. Þar skiptir val á tegundum ásamt umhirða skóga afar miklu máli.</p> <p><b>Umhverfisstofnun</b> vill benda á að í 70. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að við uppræðslu lands og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipti lands og raski ekki náttúru- og menningarmínum. Auk þess segir í lögnum að við gerð áætlaða skal taka afstöðu til þessara atriða. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í VIII. kafla í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 koma fram upplýsingar um flokka fríðvístra svæða og markmið þeirra. Má þar nefna í umsögn <b>Sveins Runólfssonar</b> og <b>Andrésar Arnalds</b> kemur fram að náttúru Íslands, fegurð og sérkenni þeir að virða og fara með gát ef umbreyta á náttúrulegum vistkerfum Íslands með innfluttum tegundum.</p>	<p>Í greinargerð með meginmarkmið 4 kemur fram að ákveðun um að rækta skóg á áður skóglausu landi hefur umhverfisbreytingar í för með sér og felur því í sér verulega ábyrgð. Skógar eru áberandi í landslagi og hafa þannig gíman meiri áhrif á ásynd lands en flatarmál þeirra segir til um. Skoðanir eru þó mjög skiptar um hvort þau áhrif séu jákvæð eða neikvæð. Þetta er mikilvægt atriði við ákvarðanatöku um val á landi til skógræktar og verður að skoðast í samhengi við önnur áhrif (umhverfisleg, samfélagsleg og efnahagsleg).</p> <p>Verkefnastjórn tekur undir mikilvægi þess að hugað sé að brunavörnum við gerð ræktunaráætla. Sömuleiðis þarf skýrar verklagsreglur varðandi eldvarnir en slíkt þarf að vinna í samstarfi við sveitarfélögin og hlutaðeigandi stofnanir. Hugað er að brunavörnum á öllum svæðum í umsjón Skógræktarinnar og verið er að skoða önnur svæði í samráði við landeigendur eða umsjónaraðila. Þá er einnig afar mikilvægt að huga að vatnsöflun í þurkkasurum.</p> <p>Texta landsáætlunar hefur verið breytt á eftirfarandi hátt í kaflanum um markmið 5.3: "Í tengslum við gerð landshlutaáætlaða skal gera brunavarnaráætlanir vegna gróðurelda fyrir þau svæði þar sem mikið er um skógrækt og/eða frístundabýggð. Er það á ábyrgð sveitarfélaganna í samráði við slökkvilið, og aðra viðkomandi aðila. Enn fremur er hvatt til þess að brunavarnaráætlanir liggi fyrir um einstök skógræktarsvæði. Skógræktin mun hafa frumkvæði að því að brunavarnaráætlanir verði til fyrir öll skógræktarsvæði." Í stað "Ekki síður nauðsynlegar eru grunnstöðir, svo sem gróðrastöðvar, fræðflun, eldvarnir og öryggismál.</p>
<p><b>Eldvarnir og öryggismál</b></p> <p><b>Ólafur R. Dyrnmundsson</b> bendir á mikilvægi þess að með vaxandi skógrækt, ekki síst í nágrenni þéttbýlis; í kaupstöðum, kaupþúnum og sumarhúsbýggðum, verði við alla skipulagningu skógræktar gætt sjónarmiða eldvarna þar sem gróðureldar eru vaxandi vandamál hér á landi.</p> <p><b>Samband íslenskra sveitarfélaga</b> beinir þeirri ábendingu til verkefnisstjórnar að mikilvægt er að skerpa á beinum aðgerðum varðandi eldvarnir, svo sem með því að standa fyrir fræðslu í samstarfi við lykilaðila á borð við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og sveitarfélögin, ásamt því að leggja til markvissar aðgerðir í þessum efnum um kaup á búnaði fyrir slökkvilið o.fl. Líklega vantar t.d. leiðbeiningar og verklagsreglur um eldvarnir og mætti mögulega hafa til þess að þýða erlent efni.</p> <p><b>Brynjar Skúlaon</b> bendir á hið mikilvæga hlutverk ríkis, sveitarfélaga og skógræktarfélaganna að veita fólki aðgengi að heppilegum útivistarskögum t.d. í nágrenni þéttbýlis og þar sem eru sérstakar skógi vaxnar náttúruperur. Hafa þarf í huga vaxandi hættu á gróðureldum og hanna skóga með tilliti til þess sem og takmarka og/eða stýra aðgengi þegar hættan á gróðureldum er mest.</p> <p>Eins og áður er sagt þá er skýrslan innihaldsrík og vel gerð. Eitt er þó sem <b>Félag Skógarbænda á Suðurlandi</b> saknar í skýrslunni og það eru brunavarnir í gróðri. Mikil vinna hefur farið í að semja leiðbeingar við varnir og viðbrögð við göðureldum á undaförnum árum. Rétt er að benda á heimasíðuna <a href="http://www.grodueldar.is">www.grodueldar.is</a> þar sem m.a. má finna greinargerð stýrshóps um gróðureld. Í þessari greinargerð er skrifað ítarlega um varnir og viðbrögð við göðureldum. Lögð er áhersla á að hluti þessarar vinnu verði hluti af Umhverfismati landsáætlunar í skógrækt.</p>	<p>Bætt hefur verið við mælikvarða við markmið 5.3: 2. Fjöldi brunavarnaráætla á gildi.</p>

<p><b>Ungir Umhverfissinnar</b> benda á aukin hættu á sinueldum, sé ein af þeim fjölmörgu ógnum af völdum loftslagsbreytinga sem nauðsynlegt að stemma stigu við með mótvægis- og aðlögunaráðgerðum til að koma í veg fyrir skaða á núverandi skóglendi.</p> <p><b>Umhverfisstofnun</b> telur í ljósi þeirrar hættu sem spakast hefur vegna gróðurelda undanfarin vor að við skógræktaráætlanir verði gert ráð fyrir gróðursetningu trjábelta í því skyni að hindra útbreiðslu skógaeldra. Huga ætti sérstaklega að þessum áðgerðum að mati stofnunarinnar þar sem sumarhúsbayggðir eru í þéttu skóglendi.</p>	
<p><b>Fjarðabyggð</b> bendir á að sveitarstjórn ber ábyrgð á framkvæmd eldvarnareftirlitis og ákveður burnavarnaáætlun. Til þessa þarf að lita við gerð landsáætlunar í skógrækt.</p>	
<p><b>Vernd og endurheimt náttúruskóga</b></p> <p><b>Umhverfisstofnun</b> telur mikilvægt að auka endurheimt náttúrulegra skóga í tengslum við nýjar frídlýsingar þegar það á við og telur að samstarf við Skógræktina sé mikilvægt í því samhengi. Umhverfisstofnun telur að það sé einnig mikilvægt að horfa til tækifæra í endurheimt náttúrulegs skóglendis og telur tímabært að sett verði markmið um endurheimt náttúrulegra skóga samhliða frídlýsingum og eins að fjallað verði nánar og unnið að endurheimt skóga þegar það á við í stjórnunar- og verndaráætlunum í samstarfi við Skógræktina.</p> <p>Umhverfisstofnun telur mikilvægt að stofnanir samþætti mikilvægar áætlanir, svo sem áðgerðaaætlun í löfslagsmálum, skógræktaráætlun, landgræðsluáætlun, náttúruminjakrá og landskipulagsstefnu þannig að áætlanirnar og áðgerðirnar sem þeim tengjast vinni saman.</p> <p>Í greinargerð segir að ábyrgð á framkvæmd einstakra skógræktarverkefna sé á ábyrgð viðkomandi landeiganda hverju sinni m.t.t. náttúruverndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjalla mætti nánar um í áætluninni um aðkomu Skógræktarinnar, sem ráðgjafa sem leiðbeinir um ræktunarsvæði og trjategundir, varðandi vernd náttúrulega vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni ásamt landeigendum, leyfisveitendum og víðeigandi stofnunum.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar ábendinguna og lýsir yfir ánægju varðandi auknið samstarf Skógræktarinnar og UST um endurheimt náttúrulegra skóga þar sem það á við í tengslum við frídlýsingar og annars staðar þar sem það á við.</p> <p>Verkefnastjórn þakkar sömuleiðis ábendingu UST varðandi aðkomu Skógræktarinnar sem ráðgjafa í skógræktarframkvæmdum á vegum bæði einkaaðila og opinberra aðila. Það er mikilvægt að ferlið bak við ákváðanatökur sé skýrt og á hverju ákvarðanir eru byggðar. Landslutaáætlun í skógrækt er kjörin vettvangur fyrir þetta að mati verkefnastjórnar. Texta varðandi ábyrgð landeigenda hefur verið breytt á þann hátt að eftirfarandi hefur verið eytt: "Það er á ábyrgð framkvæmdaðaðila (oftast landeiganda) að velja land til skógræktar og að taka tillit til verndarþátta við það val, er það hann sem ber ábyrgð á að farið sé eftir þeim."</p>
<p><b>Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Ingibjörg Svala Jónsdóttir</b> skrifa að í lögum um skóga og skógrækt (33/2019) er verndun náttúruskóga, aukin útbreiðsla þeirra og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni talið upp sem fyrsta og þá væntanlega mikilvægasta markmið. Að okkar mati endurspeglar drögin þessi markmið ekki nægilega vel. Of lítil áhersla er á verndun og endurheimt birkis skóga og of mikil á skógrækt með innfluttum trjategundum.</p> <p>Gera þarf skýrari greinarmun á verndun og endurheimt náttúruskóga annars vegar og ræktun nytjaskóga hins vegar og sýna meiri varkærni við val á landi og val á tegundum en fram kemur í drögnum.</p>	<p>Verkefnastjórn tekur undir mikilvægi þess að stuðla að vernd og endurheimt náttúruskóga landsins.</p> <p>Í þessari landsáætlun í skógrækt er gerð sú stefnubreyting að stefnt er að umtalsverðri aukningu í notkun birkis, bæði gróðursetningum og endurheimt með sjálfssáningu. Texti hefur verið gerður skýrari hvað þetta varðar, m.a. í kafla 2.2.2.1 þar sem eftirfarandi setningu hefur verið bætt við: "Auka skal notkun birkis umtalsvert meira en notkun annarra trjategunda, miðað við núverandi hlutföll tegunda í skógræktarstarfi." og "Gert er ráð fyrir að helmingur gróðursetningar verði til endurheimtar birkis skóga, mest á rýru landi, og helmingur verði skógrækt með ýmsum tegundum á misjöfnu landi og með misjöfnum markmiðum." Aðgerðin "landleiðin" hefur fengið nýtt og gagnsærra nafn, "endurheimt náttúruskóga". Margar umsagnanna voru gagnrýnar á að ekki væri næg áhersla lögð á endurheimt og útbreiðslu birkis. Þó er stefnt að mikilli hlutfallslegri aukningu á þennan þátt og augljóst að mati verkefnastjórnar að skýra þurfti þennan þátt betur.</p>
<p>Verndun og aukin útbreiðsla náttúruskóga er fyrsta meginmarkmið laga um skóga og skógrækt (1.g. liður a) og verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni þar á eftir (1.g.liður b). <b>Ólafur Arnalds</b> segir að ljóst má vera að áherslur í Landsáætluninni endurspeglar ekki þessa áherslu laganna. Auk þess samræmist þetta markmið best innlendum og alþjóðlegum markmiðum um kolefnisbindingu, endurheimt vistkerfa og verndun gróðurs og jarðvegs.</p> <p>Mikill munur er á milli „hagaðila“ á því hvað telst til ágengra innfluttra tegunda á Íslandi. Það er afar bagalegt. Að mati Ólafs er það deginum ljósara að stafafura og sitkagreni eru ágengar erlendrar tegundir í íslenski náttúru. Áhersla á ræktun innfluttra tegunda er allt of mikil í þessum drögum að Landsáætlun, en miðið vantar á að auka áherslu á náttúruskóga í samræmi við lög um skóga og skógrækt.</p>	<p>Meginmarkmið 4 hefur verið umorðað á eftirfarandi hátt: í stað "Skógrækt og skógvernd stuðli að bættum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, endurheimt vistkerfa og eflingu líffjölbreytni" stendur "Skógrækt og skógvernd stuðli að bættum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, vernd og aukinni útbreiðslu náttúruskóga og eflingu líffjölbreytni."</p>
<p>Stjórn <b>Landverndar</b> telur að full ástæða sé að gera meira úr ávinningi þess að endurheimta birkis skóga en gert er í framangreindum drögum.</p>	<p>Í greinargerð með markmiði 2.1, og texta landsáætlunarinnar, hefur orðalagi verið breytt á þá leið að í stað "landleiðarinnar" er nú talað um "endurheimt birkis skóga" og í stað "vaxtarleiðarinnar" nú talað um "fjölnytjaskógrækt".</p>
<p><b>HÍN</b> telur að gera þurfi skýrari greinarmun á vernd og endurheimt náttúrulegra skóga (birkis skóga) og nytjaskógrækt í plantekrum.</p> <p><b>Stjórn Náttúrustofa</b> skrifar að Skógrækt geti verið margt konar, þar á meðal nytjaskógrækt með innfluttum tegundum, sem sver sig í ætt við landbúnað, og endurheimt vistkerfa með aukinni útbreiðslu birkis skóga, sem er náttúruverndaraðgerð. Í áætluninni þarf að gera skýrari greinarmun á þessu tvennu, enda eðlismunur á þeim verkefnum, t.d. m.t.t. kolefnisbindingar og líffræðilegrar fjölbreytni. Leggia þarf mun meiri áherslu á endurheimt vistkerfa með ræktun innlendra tegunda, sem samræmist skyldum íslendinga skv. alþjóðasamningum um náttúruvernd. Með því að rækta upp birkis skóga í röskuðum og jafnvel gróðurlitlum búsvæðum má ná fram margföldum jákvæðum áhrifum, t.d. stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og kolefnisbindingu.</p> <p>Að skýrari greinarmunur verði gerður á skógrækt þar sem tilgangurinn er endurheimt náttúruskóga og á hefðbundinni nytjaskógrækt - landbúnaði. Betur þarf að skilgreina hvernig þessum mismunandi flokkum skógræktar er áætlað að uppfylla markmið áætlunarinnar og það hverskonar svæði er áætlað að nýta undir hvern flokk. <b>Landgræðslan</b> leggur áherslu á vernd og endurheimt skógarvistkerfa og myndi vilja sjá meiri og skýrari áherslur á vernd náttúruskóga landsins og aukningu í útbreiðslu þeirra, sérstaklega á stórum samfelldum svæðum, með því að yta undir sjálfræðslu</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar ábendinguna og telur að sú aukna áhersla sem lögð er á endurheimt og eflingu náttúruskóganna falli vel að lögum um landgræðslu enda sé nú lögð mun meiri áhersla á gróðursetningu birkis og endurheimt náttúrulegu birkisvistkerfanna. Þetta hefur verið skýrt betur í texta landsáætlunarinnar.</p> <p>Landsáætlun í skógrækt og landgræðsluáætlun uppfylla hvor aðra án þess að vera í mótsögu. Um leið og leitast er við að fella landsáætlun í skógrækt að lögum um skóga og skógrækt. Samkvæmt 4. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, er það ráðherra að samræma landsáætlun í skógrækt og landgræðsluáætlun samkvæmt landgræðslulögum.</p>
<p><b>Sveinn Rúnólfsson og Andrés Arnalds</b> segja mikilvægt að í landsáætlun um skógrækt sé birkis skógunum veitt nægjanlega vörn. Í því þarf m.a. að felast að framandi trjategundir séu fjarlægðar úr skógarleifum sem merkilegar þykja vegna sögu þeirra, vístræðilegs gildis og/eða annarra verndunarþátta.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar ábendinguna.</p>
<p><b>Samband íslenskra sveitarfélaga</b> segja í umsögn sinni að land sé ekki notað til beitlar sé forsenda þess að ná megi verulegum árangri í að stuðla að aukinni útbreiðslu birkis skóga. Það er hins vegar atríði sem ná þarf samfélagslegri sátt um og gengur einungis ef sauðfjárbændur eru með í ráðum, helst að þeir leiði það og finni lausnir sem henta þeim.</p> <p>Allur skógur hefur vístræðileg áhrif á borð við jarðvegsvernd, vatnsmiðun, skjólmyndun og kolefnisbindingu svo fátt eitt sé nefnt. <b>Brynjar Skúlaason</b> telur að almennt sé sátt um að birki og víðir breiðist út með sjálfssáningu, t.d. útrá eldri skógarreitum eða náttúrulegum skógi þar sem beitarlág er nægjanlega lítið til að leyfa slíka gróðurframvindu. Það yrði langsamlega hagkvæmasta leiðin til ræktunar vistskóga að nýta sér sjálfssáningargetu birkisins til að nema land í misvel grónum úthaga en það verður ekki gert nema með endurskoðuðu skipulagi sauðfjárbeara. Mjög mikilvægt er að allir aðilar sem fjalla um og hafa hagsmuni af landnýtingu finni nýjar lausnir á beitarskipulagi búfjár til að endurheimta birkis skóglendi Íslands enda er birki eftirsótt planta fyrir beitardýr. Með góðu skipulagi er auðvelt að samræma belt í ræktuðum skógum þar sem notaðar eru trjategundir sem ekki eru eins eftirsóttar beitarpöntur og íslenska birkið. Því gætu ræktaðir skógar sérstaklega vel á jörðum þar sem einnig er umtalsverð beitarnýting, t.d. í verkefni eins og skógrækt á bujörðum.</p> <p><b>Ólafur Arnalds</b> skrifar að ljóst sé að slæmu ástandi lands er víða viðhaldið af ríkisstyrktri búfjárbæit. Jafnframt gilda fullkomlega úrelt lög um lausagöngu og vörslu búfjár (sbr. nýlega greinargerð Landverndar) sem hafa hamlandi áhrif á endurheimt landgæða, þ.á.m. skóglendis. Mikilvægt er að þetta sé dregið fram með skýrari hætti í Landsáætluninni og jafnframt að samþætting á milli Landsáætlunarinnar og Landgræðsluáætlunar verði aukin að þessu leiti.</p> <p>Á bis. 24 segir að lausaganga sauðfjár hætti, fyrst staðbundnið og með tímanum á landinu öllu. Stjórn <b>Landverndar</b> tekur undir þessari sjónarmiði og vísar til nýlegrar skýrslu um þetta efni sem samtökin hafa haft forgöngu um að taka saman. Í skýrslunni er lýst hvernig breyta þarf lögjöf í þessum tilgangi.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar ábendinguna.</p> <p>Varðandi lausagöngu búfjár þá er ekki ástæða til þess að breyta texta í kafla 2.2.4.2 en verkefnastjórn tekur undir með umsagnaraðilum að mikilvægt er að vinna að fyrirkomulagi beitlar sem almennt sátt ríki um og með sjálfbæra nálgun að leiðarljósi.</p>
<p><b>Fjarðabyggð</b> kemur inn á lausagöngu búfjár í sinni umsögn og skrifar: "Jafnframt er framlagt, í drögnum, markmið um að lausagöngu sauðfjár skuli bönnuð. Sveitarfélagið bendir á að verði farið í þá vinnu þ.e. að banna lausagöngu sauðfjár þarf að lgrunda vel hagsmuni allra sem aðild eiga að málum, bætur, styrki, vörsluskýldu, viðhald, eftirlit, úrræði vegna brota o.s.frv."</p> <p>Á bis. 24 segir að ein leið til þess að auka útbreiðslu skóglendis sé að draga úr lausagöngu sauðfjár. Sú leið sem bent er á, að bændur sjálfir taki forystu í að finna lausnir í samstarfi við sveitarfélög og stjórnvöld er jákvæð. Þó telja <b>Bændasamtökin</b> að ástæðulaust sé að stefna að því að landið allt sé undir, líkt og gert er í stefnu drögnum. Hægt er að auka útbreiðslu skóglendis verulega án þess að taka landið allt undir með þeim tilkostnaði sem líkt felur í sér.</p>	<p>Fyrsti liður 1. gr. Laga um skóga og skógrækt kemur inn á verndun náttúruskóga landsins og að stuðla að útbreiðslu þeirra. Það er því óumdeilanlegt að Skógræktin eigi að sinna þessu mikilvæga markmiði.</p>
<p>Í ákveðnum atriðum eru höld um hvort Skógræktin hyggt fara inn á svið annarra stofnanna, t.d. Landgræðslunnar, með því að verja fé til og standa að endurheimt landgæða. Að mati <b>Náttúruverndarsamtaka Íslands</b> þarf að gera betur grein fyrir skörun og verkaskiptingu í verkefnum ríkisstofnanna (og sveitarfélaga) og leggja fram tillögur um heppilegar úrlausnir. Þar þurfa fleiri að koma að en hagsmunaaðilar í skógrækt.</p>	

<p><b>Vistræðifélag Íslands</b> telur vert að benda á mikilvægi náttúrulegra ferla og að hagfelldast sé að náttúrulegir birkisögkar dreifi sér af sjálfsdáðum. Til að slíkt gerist án „truflunar“ þarf landsáætlunin að afmarka stærri landslagshelidir og svæði þar sem birki er í framrás og mæla gegn skógrækt með innfluttum tegundum á þeim svæðum.</p>	<p>Þakkað fyrir ábendingar. Kallar ekki á breytingar í texta.</p>
<p><b>Sigurður H. Magnússon</b> telur "mjög æskilegt að auka og efla birkisöguna landsins, einkum á rýru og rofnu landi, eins og gert er ráð fyrir í áætluninni. Vafalaust mætti auka afköstin ein meira eins og mér sýnist að að aætla sé að gera svipað og í Heklusögagaverkfinnu þar sem gróðursett er í eyjar og reiknað er með að birkið sái sér síðan út."</p>	
<p><b>Athugasemd Eyfjafjarðarsveitar</b> við meginmarkmið 4: Skógrækt og skógvernd stuðli að bættum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvorð, endurheimt vistkerfa og eflingu líffjölbreytni. Birki og víðir hefur víða sáð sér út í Eyfjafjarðarsveit, sérstaklega í nánd við ræktaða skógarreit þar sem dregið hefur úr beitarlági með friðun eða verulega fækkun sauðfjárl. Líklegt er að svipuð þróun muni halda áfram við um land og breytingar verði á skipulagi sauðfjárbætur samhliða fækkun sauðfjárbúa.</p>	
<p><b>Ræktun skóga til uppbyggingar skógarauðlindar og umfangi og horfum hvað varðar nýtingu</b></p>	
<p><b>Ungir umhverfissinnar</b> telja að ef nauðsynlegt reynist að nota sitkagreni og stafafuru til nýttja ætti eingöngu að gróðursetja þær í þar til gerðum skógum. Útlita þarf hversu stórt landsvæði á að fara undir nytjaskóga. Þó vissulega sé framleidd vara úr nytjaskógnum sem annars væri líklega flutt inn með tilheyrandi kolefnisútbæstri, þarf á sama tíma að varast að setja nytjaskóga í samband við kolefnisbindingu því hluti þeirra afurða sem koma úr skógnum eru t.d. eldivíður og spænil til uppkveikju. Því er æskilegt að línunar sé lagðar fyrirfram hvernig skjal nýta það sem fellur til eins vel og hægt er og á umhverfisvænan hátt. Nýting efnisins til umhverfisvænnar nýsköpunar af ýmsu tagi getur verið álitlegur kostur í þessu samhengi.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar athugasemdirnar og góðar ábendingar.</p> <p>Texta í kafla 3.3.2. í umhverfismati hefur verið breytt til þess að útskýra þetta kolefnisbindingu í skógrækt til nýttja (mynd 1). Við framleiðslu á eldivíð og spæni er verið að nýta efnivið sem fellur til við fyrstu millibilsjöfnun. Það kolefni losnar út í andrúmsloftið hvort heldur sem um er að ræða gegnum bruna af mannavöldum (eldivíður og kurl) eða gegnum rotnunarferla í skógnum. Verkefnastjórn tekur heilshugar undir mikilvægi þess að skoða þurfi hvernig timbur geti leyst önnur efni af hólm til langtíma kolefnisbindingar, s.s. þegar timbur kemur í stað steypu.</p>
<p>Skógar eru sannarlega á meðal mikilvægustu vistkerfa jarðar og afurðir þeirra eru fjölbreyttari en orð fá lýst. Ræktun timburs á Íslandi er vitaskild mikilvæg, eykur öryggi og skapar störf. Þá geta barrvíðir gengt mikilvægu hlutverki við að skapa skjól og minnka mengun nærrí umferðamannvirkjum, svo dæmi séu tekin. Ræktun barrvíða er fyrst og fremst landbúnaður þar sem afurðirnar felast í víðnum. Það er andstætt markmiðum laganna og náttúruverndar almennt að rækta barrskóga hvar sem því verður við komið, t.d. til að mæta markmiðum um hektararfjölda skógar. Ræktun barrskóga, m.a. til víðarframleiðslu, þarf að vera háð skipulagi og takmörkunum. Ástæður – („til hvers?“) – þurfa að vera ljósar hverju sinni. <b>Ólafur Arnalds</b> finnst landsáætlunin vera ómarkviss að þessu leiti og þyrfti að teiknast upp nýju þar sem tekið er tillit til þessara sjónarmiða. Slík nálgun gæti aukði verulega á sátt um skógrækt í landinu. Áhersla á stórfellda plöntun innfluttra barrskógategunda og annarra ágengra trjáttegunda er á skjón við alþjóðlega þróun í umhverfissálum. Plöntun barrskóga verður að hafa afar vel skilgreindan tilgang, t.d. víðarframleiðslu þar sem unnt er að framleiða timbur með hagkvæmum hætti á þar til skilgreindum svæðum.</p>	<p>Varðandi nýsköpun þá hefur skógræktargeirinn átt í skipandi samstarfi við listaháskólann og hönnuði undanfarnir ár og má líklegt telja að þetta samstarf eigi eftir að dafna og þróast í framtíðinni með auknu framboði af og eftirspurn eftir nýttjavið.</p> <p>Samkvæmt lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 er markmið laganna m.a. að vernda náttúruskóga og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra einnig að rækta nýja skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærna nýttja. Það er ekki stefna landsáætlunar að "rækta barrskóga hvar sem því verður við komið" heldur er gert ráð fyrir að rækta hraðvaxta, stórvaxinna og gjöfúlla skóga sé að mestu bundin við góð skógræktarskilyrði í byggð eins og fram kemur í málsgrein um fjölnytjaskógrækt í kafla 2.2.2.1. Greinargerð með markmiði 2.1 hefur verið breytt til þess að skýra þetta betur og bætt hefur verið við setningunni "Auka skal notkun birkis hlutfallslega meira en notkun annarra trjáttegunda, miðað við núverandi hlutföll tegunda í skógræktarstarfi." Eins og fram kemur í greinargerðinni þá er áhersla lögð á að endurheimta náttúruskóga annars vegar og efla fjölnytjaskógrækt hins vegar. Ræktun skóga tekur mið af ýmsum áætlunum, stefnum og samningum eins og fram kemur í kafla 3.3, meðal þeirra eru skýpulgæðanir sveitarfélaga og náttúruverndaráætlun. Auk þess er gerð grein fyrir tilgangi skógræktarinnar í ræktunaráætlunum og hvort til standi að rækta a) nytjaskóg, b) landgræðsluskóg eða endurheimta náttúruskóga eða gróðursetja í mjög bratt landsvæði.</p>
<p><b>Skógræktarfélag Reykjavíkur</b> nefnir mikilvægi þess að tryggja notkun á fjölbreyttum trjáttegundum sem henta til skógræktar hér á landi. Sérstaklega í ljósi þeirra loftslagsbreytinga sem eru að eiga sér stað, en þær munu hafa í för með sér breytingar á skilyrðum til ræktunar skóga í Íslandi. Þá hafa nú þegar borist fleiri skýrðir og skjóðskrár til landsins sem herja á trjágroður og hafa áhrif á vöxt og viðgang trjáttegunda sem nú þegar eru í ræktun. Með því að nota fjölbreyttar tegundir má tryggja aukði ræktunaröryggi til framtíðar og getu til þess að takast á við þau aföll sem skógar hér á landi kunna að verða fyrir.</p>	<p>Brynjari er þökkúð athugasemdin. Texta hefur verið breytt á eftirfarandi hátt: "Stefnt verður að áframhaldandi uppbyggingu innlendirar skógarauðlindar til nýttja, verndar og endurheimtar. Íslendingar munu seint geta framleitt allar þær skógarafurðir sem þeir nota, en reynsla undanfarna áratuga sýnir að hægt sé að framleiða þó nokkurn hluta þeirra innanlands og í leiðinni skapa störf, efla byggð og minnka kolefnisfótspor vegna innflutnings." Þessi kláusa sýnir metnaðarleysi í skógrækt og ætti frekar að standa að „stefnt skuli að því að Íslendingar verði sjálfir sér nögrug um skógarafurðir enda sýni núverandi ræktunarárangur að það sé vel hægt með tíð og tíma. Landrymni er mikið og það er ábyrgðarleysi og ósjálfbær stefna að leggja framtíð tímunnaryrja íslendinga á skógarhöggi í öðrum löndum“.</p>
<p>Þar sem svo til óll skógrækt utan kaupstaða og kaupfélaga er á bjúðrum telur <b>Ólafur R. Dýrmondsson</b> að miða eigi áætlunir um skógrækt sem mest við búskógrækt (agroforestry) sem er skógrækt, og þar með skjólbeltarækt verði lífrí í landbúnaðarframleiðslu á víðkomandi jörðum. Við þá skipulagningu verði einkum höfð að leiðarljósi vistrákt (permaculture) sem er alþjóðlega viðurkennd ræktunarstefna.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar ábendinguna og tekur undir mikilvægi þess að horfa til heildrænnar nálgunar varðandi skógrækt og aðra framleiðslu á bjúðrum. Búskaparskógrækt er þegar stundum á mörgum jörðum og er markmiðið sjálfbær landnýting þar sem trjærækt er á sama svæði og annar búskapur og framleiðsla búsnis fast bæði af ökrum, búfé og trjám. Verkefnið <i>Lofslagsvænn landbúnaður</i>, samstarfsverkefni stjórnvalda, Ráðgjafarmíðstöðvar landbúnaðarinnar (RML), Skógræktarinnar og Landgræðslunnar er mjög öflugt verkefni í loftslagsmálum landbúnaðarinnar og gott dæmi um þá heildrænu nálgun sem hægt er að hafa í rekstri öðra búgreina.</p>
<p><b>Þóru Ellen Þórhallsdóttur</b> og <b>Ingibjörgu Svölu Jónsdóttur</b> sýnist að aukinni útbreiðslu skóga eigi fyrst og fremst að ná með því að efla skógrækt á lögbýlum og á landi í umsjón Skógræktarinnar og að hana eigi að framkvæma með líkum hætti og hingað til, að stórum hluta með því að planta innfluttum tegundum í gróð land. Þá er áfram gert ráð fyrir því að ákvörðun um skógrækt sé tekin af landeiganda. Þannig verða til dreifðri blettir um allt land. Við spyrjum hvort ekki sé skynsamlega að skipuleggja nytjaskógrækt í færri en stærri einingum og á landsvísu eða a.m.k. landslutavísu. Við svæðaval er nauðsynlegt að leggja til grundvallar heildstæða þekkingu á verðmætum og vistkerfisþjónustu vistgerða sem ætlunin er að taka undir skógrækt á næstu áratugum, sjónrænu landslagsgildi og gildi fyrir ferðabjónustu og útivist.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar athugasemdirna. Í greinargerð með markmiði 2 hefur orðalag verið gert skýrara þannig að nú kemur fram að "Gert er ráð fyrir að helmingur gróðursetningar verði til endurheimtar birkisöga, mest á rýru landi, og helmingur verði skógrækt með ýmsum tegundum á misjöfnu landi og með misjöfnum markmiðum. "</p> <p>Viðauki 4 fellur um landshlutaáætlunir í skógrækt en það eru lögbundnar áætlunir sem ætlað er að útfæra stefnu landsáætlunar, skv. 5 gr. skógræktarlaga. Eins og fram kemur í viðaukanum segir að landshlutaáætlunir í skógrækt séu helstu brýrnar milli landsáætlunar í skógrækt og skógræktarframkvæmda. Í landshlutaáætlunum skal tilgreina skóga og skógræktarsvæði, aðrar áherslur í skógrækt sem fram koma í skipulagsáætlunum og lagasetningu og hvernig samstarfi við</p>
<p><b>Sjálfbær nýting skóga</b></p>	
<p>Timbur er náttúrulegt byggjigefni og <b>Brynjar Skúlaon</b> segir það mikilvægt að við ræktun skóga með sjálfbærum hætti til framleiðslu á eigin náttúrulega byggjigefni. Stærstur hluti láglands á Íslandi er í eigu bænda og því er mikilvægt að finna leiðir til að viðhalda öflugri timburskógrækt í samstarfi við bænda. Gæta þarf þess að skógurinn verði víðbót við hefðbundna og nýja landbúnaðarstarfsemi og styrki búsetu og fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Það skiptir miklu uppá sjálfbærar skógarnytjar að timburskógarnir myndi stærri kjarnasvæði því flutningur timburs er kostnaðarsamur og ákveðin stærðarhagkvæmi mikilvæg. Það mætti leggja meiri áherslu á skipulega ræktun timburskóga með réttu umhirdu frá gróðursetningu til lokahögs þar sem náttúruleg skilyrði eru heppileg. Þetta þarf ekki að koma niður á náttúruvernd með neinum hætti ef gætt er að skógarjörðum og verndun mikilvægra náttúrusvæða eins og t.d. náttúruverndarlög gera ráð fyrir.</p>	<p>Greinargerð með markmiði 1 hefur verið breytt á eftirfarandi hátt: "Af þeim sökum verður uppbygging framtíðar skógarauðlindar ekki unnin með birki eingöngu, heldur þarf einnig að rækta skóga með öðrum trjáttegundum sem tryggja viðamynni sem eru samkeppnishæfar við innflutt timbur, fjölbreytt umhverfi til útivistar og margra annarra nota. Með því að gera hvoru tveggja er búið til skógarauðlind sem styður alla þætti sjálfbærni, þá umhverfislegu, efnahagslegu og samfélagslegu." Í stað "Ræktaðir skógar til viðamynna, útivistar og margra annarra nota geta uppþyllt þær þarfir að verulegu leyti og stöðja því alla þætti sjálfbærni, ekki síst þá efnahagslegu og samfélagslegu."</p>
<p><b>Reynir Kristinsson</b>, stjórnarformaður Kolvíðar, skrifar um markmið 2.1: 60.000 ha. víðbótaskógrækt þetta hefði mátt vera 100 þús. ha. til bindingar, víðarframleiðslu og þar með atvinnusköpunar ekki síst á landsbyggðinni. Í þessum kafla er fjallað um markaði og bent á að erlendis séu markaðir fyrir bindingu. Hér á landi hefur Kolvíður boðið upp á kolefnisbindingu fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem vilja sýna samfélagslega ábyrgð s.l. 15 ár. Hátt á annað hundrad fyrirtæki eru að nýta sér þetta samstarf og á annað þús. einstaklingar hafa einnig bundið losun sína í samstarfi við Kolvíð. Rannsóknarmiðstöð Skógræktarinnar í Mögilsá hafa annast rannsóknir og mælingar í verkstöku fyrir Kolvíð.</p>	
<p>Mikilvægt er að gefa aukinn gaum að þætti skógræktar í að byggja hér upp sjálfbær lífhagkerfi. <b>Skógræktarfélag Reykjavíkur</b> hvetur til þess að þegar í stað verði farið í markvissa skógrækt til að markmið um kolefnisbindingu fyrir árið 2040 náist. Það að skýra verkferla við skipulag skóga og auðvelda ákvarðanatöku í sveitarfélögum til heimilda landeigenda til skógræktar, er afar mikilvægt skref til þess að markmið um kolefnisbindingu nái fram að ganga.</p>	
<p><b>Bændasamtök Íslands</b> telja sjálfbærni mikilvæga og að það þurfi að huga að efnahagslegum, umhverfislegum og samfélagslegum ágöða af skógrækt við tegundaval.</p>	
<p><b>LSE</b> vekur athygli á hinum margþættu tengslum skógræktar við sjálfbærni markmið SP.</p>	
<p>Sett eru fram markmið, en alla útfærslu vantar s.s. hvaða land á að taka til ræktunar, hvaða vistgerðir, skipingtu á milli landshluta og svæða. Hvaða tegundir á að rækta? Ekki nægir að segja að birki skuli ræktað „á rýrlandi“ og ösp í „frjósum landi“. Að máti <b>Jóns Gunnars Ottóssonar</b> er þessi áætlun í skötulíki.</p>	
<p><b>Edda S. Oddsdóttir</b> og <b>Arnór Snorrason</b> benda á að skógrækt er ein öflugasta leiðin sem við höfum yfir að ráða til bindingar kolefnis úr andrúmslofti. Því til viðbótar fast dýrmætur efniviður sem t.d. er hægt að nýta í stað kola og olíu, og minnka þannig losun. Sjálfbær skógrækt tryggir stöðuga bindingu í skógum landsins. Til þess að árangur náist er mikilvægt að nýta bestu tækin sem við höfum yfir að ráða, sem í tilfalli skógræktar eru hraðvaxta tegundir undir ábyrgri skóggjörn.</p>	<p>Verkefnastjórn bætir eftirfarandi við texta í greinargerð með markmiði 2.2: "Einnig ber að huga að nýtingu og líftíma víðararfurða m.t.t. kolefnisbindingar. Sömu leiðis krefjast þessar aðgerðir þekkingar og rannsóknna."</p>
<p><b>Áhrif skógræktar á atvinnubrúnum og byggð</b></p>	
<p>Í stuttu máli þykir stjórn <b>LSE</b> ótækt að leggja svo mikla áherslu á endurheimt birkiþjars eins og tillögur eru uppi um. Þetta er óréttlætt gagnvart framtíðar þegnum Íslands að mest allt skógræktarstarf á þjóðlöndum sé unnið undir formerkjum endurheimt birkiþjars, fremur en að rækta skógarauðlind til nytja.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar athugasemdirna en bendir á að í lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 er vernd og endurheimt náttúruskóga talið upp meðal markmiða. Þá er vert að hafa í huga að almennt er mikið sátt um náttúruskógana auk þess sem þykir hagkvæm og skilvirk aðgerð að auka skógarþekju með endurheimt birkisöga þar sem réttar aðstæður eru fyrir hendi.</p>
<p>Vakin er athygli á því að í landsáætlun er lögð áhersla á gróðursetningu birkis til þess að endurheimta birkisöga en birkiþjarr mun áfram sá sér út þar sem aðstæður eru fyrir hendi. Jafnframt er lögð áhersla á að rækta hraðvaxta, stórvaxna og gjöfúlla skóga. Byggist á mikilli kolefnisbindingu á flatarmálsþingningu lands frekar en miklu landi. Mest notað við góð skógræktarskilyrði í byggð.</p>	
<p><b>Skógrækt í samhengi lífræðilegrar fjölbreytni</b></p>	

<p><b>BirdLife International</b>, ásamt 38 náttúruverndarsamtökum sem starfa á A-Atlantshafsfarleið (e. East Atlantic Flyway), hafa áhyggjur af því að aukin skógrækt muni hafa skaðleg áhrif á búsvæði farfugla.</p>	<p>Verkefnisstjórn þakkar fyrir afrit af umsógn sem sent er til og stíllað á umhverfisráðherra, dagssett þann 17.06.2021. Tekið hefur verið tillit til athugasemda Bird Life International og reynt að varpa skýrara ljósi á hvernig velja verði land til skógræktar út frá fjölmörgum þáttum. Í kafla 3.3 þá kemur nú fram að Landsáætlun í skógrækt gerir ráð fyrir að áhrif skógræktar á fuglastofna verði að vakta og rannsaka nánar í samræmi við AEW-samninginn. Þá er ákvæði um endurskoðun umhverfisgæðastaðla skógræktar ætlað að taka á ákvæðum BERNARSAMNINGINS um almenna líffrisvernd, þ. á m. sjaldgæfra tegunda og vistkerfa. Þetta þarf að vinna í samráði við ýmsa aðila.</p> <p>Eftirfarandi breytingar verð gerðar í kafla 2.2.4.3: MÓFUGLAR Vegna ágreinings um áhrif aukinnar skógræktar á stofnstærðir möfluga er þörf fyrir frekari rannsóknir og vöktun á því sviði.</p> <p>Viðauki 4 fjallar um landshlutaáætlanir í skógrækt en það eru lögbundnar áætlanir sem ætlað er að útfæra stefnu landsáætlunar, skv. 5 gr. skógræktarlaga. Eins og fram kemur í viðaukanum segir að landshlutaáætlanir í skógrækt séu helstu brýrnar milli landsáætlunar í skógrækt og skógræktarframkvæmda. Í landshlutaáætlunum skal tilgreina skóga og skógræktarsvæði og verður það að gerast í samráði við skipulagsfyrirvöld og þær áherslur sem birtast í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, m.a. varðandi mikilvæg búsvæði fugla. Í þessu skipulagsferli er brýnt að hafa hagsmunaaðila vel upplýsta og efla samstarf eins og auðið er. Það er á þessu skipulagsstigi sem endanlegar ákvarðanir um skógrækt á einstökum svæðum eru teknar.</p>
<p><b>Ólafur R. Dýrmondsson</b> telur af mikla áherslu lagða á ræktun innfluttra trjategunda og ekki nægilega tilgreint hvar og í hversu miklum mæli elgi að rækta þær. Á meðal þeirra eru ángangar trjategundir á borð við stafafuru sem m.a. koma við sögu í vafasamri skógræktartilraun í afrétti Mosfellsbæjar, án friðunar, á landi þar sem sauðfé gengur sumarlengt. Þess verði gætt að ganga ekki um of á náttúruleg gróðurlendi svo sem lynchleifar, fjalldrapa, eini, birki- og víðikjarr. Ekki verði ræktaður erfðabreyttur (GMO) trjágróður í landinu.</p> <p>Nokkrar innfluttar tegundir trjáa sem nú eru notaðar í skógrækt hlerlendis, og áætlað er að nota áfram samkvæmt drögum að landsáætlun í skógrækt, dreifa sér greiðlega í íslenski náttúru. Sumar þeirra, svo sem stafafura, eru skilgreindar sem ángangar nær alls staðar þar sem þær finnast utan náttúrulegra heimkynna. Samkvæmt samstarfsverkefni þjóða í Norður-Evrópu (NOBANIS) sem Ísland er aðili að þá er stafafura skilgreind sem framaní ángang tegund í Danmörku og Svíþjóð og sem mögulega ángang tegund á Írlandi, Noregi og á Íslandi. Það er því mat <b>Náttúruvinnjafns Íslands</b> að endurskoða beri notkun stafafuru í skógrækt á Íslandi.</p> <p>Í stuttu máli þá er mikilvægt að velja tegundir í skógrækt og velja skógarstæði sem ekki vinna gegn líffræðilegri fjölbreytni og þeim tegundum og vistgerðum sem við berum ábyrgð á, því líffræðileg fjölbreytni felur í sér verðmæti sem ber að vernda, bæði staðbundnið og hnattrætt (Baste o.fl. 2021).</p>	<p>Verkefnisstjórn tekur undir mikilvægi þess að efla rannsóknir varðandi áhrif notkunar innfluttra tegunda. Brugðist hefur við ábendingum varðandi þennan þátt með eftirfarandi hátt:</p> <p>Í greinargerð með forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags í umhverfismatinu hefur texta verið breytt á eftirfarandi hátt:</p> <p>- Undirkaflanum um <i>ágangar tegundir</i>: Felld hefur verið út setningin: Ekki verðar notaðar ángangar tegundir í skógrækt. Annari setningu í sama undirkafla hefur verið breytt á eftirfarandi hátt að burtu hefur verið felið "Þær tegundir sem nú eru notaðar eru ekki ángangar skv. ..." og í staðinn er vísað í skilgreiningu á ángangi tegund.</p> <p>- Felld hefur verið út setningin: Er það t.d. gert án vandræða á Þingvöllum og í Ásbýrgi. Gerist þess þörf verða svipaðar aðgerðir innleiddar á fleiri stöðum."</p> <p>- Texta um notkun ánganga tegunda hefur verið breytt á eftirfarandi hátt: "Í þessu felst engin breyting frá núverandi stöðu og því eru umhverfisáhrif engin" og í staðinn stendur: "Í landsáætlun í skógrækt felst aðeins magnbreyting frá núverandi stöðu varðandi notkun innfluttra tegunda og því eru umhverfisáhrif þau að útbreiðsla þeirra eykst um 15.000 ha (0,15% landsins) á tímabili þessarar áætlunar (næstu 10 árum). Breyting frá núverandi stöðu varðandi notkun ánganga tegunda er engin."</p> <p>Texta um ángangar tegundir í kafla 2.2.4.3 hefur verið breytt á eftirfarandi hátt: Í stað "Auk þess er mun auðveldara að stjórna útbreiðslu trjáa en flestra annarra lífvera vegna stærðar þeirra og langs kynslóðatíma." stendur eftir breytingu "Auk þess er mun auðveldara að stjórna útbreiðslu trjáa en flestra annarra lífvera vegna stærðar þeirra og langs kynslóðatíma." Bætt hefur verið við setningunni: Vegna ágreinings og/eða skorts á rannsóknum á að sumar innfluttar trjategundir séu eða kunni að verða ángangar er nauðsynlegt að efla frekari rannsóknir á því og mun Skógræktin hafa forgöngu um það, háð fjármögnun."</p>
<p><b>Vistfræðifélag Íslands</b> segir að sérstaka aðgát þurfi að hafa varðandi gróðursetningu aðfluttra tegunda. Í landsáætluninni er fullt af ekki séu notaðar framandi, ángangar tegundir í skógrækt á Ísland án þess að styðja þá fullýðingu neimum heimildum en vert er að benda á að einungis órfaar tegundir hafa verið flokkaðar sem aðfluttar og ángangar á Íslandi sem skýrist, að stórum hluta, af því að frekari rannsóknir skortir. Þegar hefur verið synt fram á að stafafura sé framaní, ángang tegund í sumum nágrannalöndum okkar eins og Svíþjóð (Strand o.fl. 2018) og Noregi (Elven o.fl. 2018).</p> <p>Þegar vísað er til hugtakans „líffræðileg fjölbreytni“ í Landsáætluninni virðist einkum lítið til tegundafjölda án þess að taka tillit til tegundasamsetningar og uppruna auk þess sem málin eru að óþörfu flækt með öðru/sama hugtaki sem vísað er til sem "líffjölbreytni".</p> <p>Stjórn Vistfræðifélags Íslands vísar til þeirra skriflegra svara sem send voru inn í samráðsferlinu við vinnslu landsáætlunarinnar. Þykir þeim sem ekki hafi verið tekið tillit til þeirra atriða sem þar var bent á að mikilvægt væri að hafa í huga. Mál þar nefna áhyggjur þeirra af notkun stafafuru án aðgæslu, mikilvægi þess að taka tillit til líffræðilegrar fjölbreytni auk þess sem <i>þetta var áhersla á að græna hverski inni að trjáa náttúrulega ferða</i> sem eru að verki og munu líklega rannætt áhrifaamilir er kemur að aukinni.</p> <p><b>Samtök náttúrustofa</b> segja að áætluninni sé tildrætt um vernetun líffræðilegrar fjölbreytni, samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og viðhald landslagshelida. Enn sem komið er vantar þó að setja fram leiðir til þess að ganga úr skugga um að þessi mikilvæga atriði verði í hávegum höfð þegar kemur að framkvæmd áætlunarinnar. Þetta endurspeglast til dæmis í núverandi og fyrirhugaðri notkun stafafuru, sem virðist vera ein af ángangari barrtrjategundunum og hefur víða verið skilgreind sem ángang þar sem hún hefur náð útbreiðslu utan síns náttúrulega útbreiðslusvæðis. Á meðal landa sem flokkað hafa hana sem ánganga eru Danmörk og Svíþjóð, auk þess sem hún er skilgreind sem mögulega ángang í Noregi, Írlandi og á Íslandi (<a href="https://www.nobanis.org/species-info/?taxaid=2531">https://www.nobanis.org/species-info/?taxaid=2531</a>).</p>	<p>Bætt hefur verið við setningu um möfluga í kafla MÓFUGLAR í kafla 2.2.4.3: Vegna ágreinings um áhrif aukinnar skógræktar á stofnstærðir möfluga er þörf fyrir frekari rannsóknir og vöktun á því sviði.</p> <p>Bætt hefur verið við sjötta mælikvarðanum í lok kafla 2.2.4.3. Rannsóknir og vöktun á áhrifum skógræktar á möflugastofna.</p> <p>Auk þess kemur fram í landsáætlun mikilvægi þess að vakta náttúruskóguna til að hafa upplýsingar um hvort og hvenær kunni að þurfa að gripa til verndaraðgerða. Slík vöktun er meðal verkefna Mögilsár, rannsóknasviðs Skógræktarinnar en samtals voru fimm vöktunarverkefni í gangi á Mögilsá árið 2020, þar af fjögur á sviði loftslagsdeildar og eitt á sviði trjá- og skógarheilsu.</p>
<p><b>Náttúruverndarsamtök Íslands</b> benda á ...Ennfremur á um fjölbúllun um ángangar tegundir er ekki gerð fagleg tilraun til að skoða og meta þann möguleika sem blasir við mörgum, að mikið er um sjálfsáða stafafuru og jafnvel sitkagreni í grennd skógarreitna með þessum tegundum. Hrópandi þörf er á faglegu mati um mögulega ágegni skógræktarplantna í íslenski náttúru og líklegum áhrifum til lengri tíma lítið, t.d. á varpstofna ýmissa fuglategunda og með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga stjórnvalda.</p>	
<p><b>Ungir umhverfissinnar</b> vilja benda á nokkur atriði sem þeim finnst þurfa að breyta í þessum drögum að landsáætlun í skógrækt. Til dæmis þarf að auka áherslu á líffræðilegan fjölbreytileika og hafa það að leiðarljósi þegar rætt er um loftslagsaðgerðir tengdar skógrækt. Þá vilja þau einnig hvetja til þess að tegundir sem skilgreindar eru sem ángangar í nágrannabjódum okkar séu sem minnst notaðar til gróðursetninga hér á landi og ekki í því skyni að græða upp land þangað til annað kemur í ljós.</p>	
<p>Í ljósi áhersluna um líffræðilega fjölbreytni ætti við vinnslu gróðursetningaforma að huga að mögulegum afdrifum staðargróðurs í nýju umhverfi sem verður skógi vaxið. Þannig að í áætluninni séu vegnir séu kostir og gallar grundvallarbreytinga á gróðurfari sem skógrækt er. <b>Umhverfisstofnun</b> telur mikilvægt að í nýskógrækt sé fylgst með dreifingu innfluttra trjategunda og dreifing þeirra vöktuð með tilliti til áhrifa og mögulegs ágangs á þær vistgerðir sem fyrir eru. Til vöktunaráætlunar ætti að liggja fyrir aðgerðaráætlun um viðbrögð ef vöktun leiðir í ljós óæskilega þróun sem bregðast þarf við.</p>	
<p>Áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni ætti að vera eitt víðamesta umfjöllunarefni landsáætlunar að mati <b>Náttúruverndarsamtaka Íslands</b>. Líklega er hlutur ánganga framaní tegunda í skógrækt þar mikilvægasta atriðið og krefst vandaðrar umfjöllunar á fræðilegum og óvihilöllum grunni þar sem varúðarreglu og hagsmuna náttúruverndar er gætt. Það ætti að vera hverjum gölögum skógræktarmanni sem leikmanni ljóst að bæði stafafura og sitkagreni dreifast langt út frá skógarreitum og leggja undir sig nærliggjandi gróðurlendi. Mikilvægt að þetta verði staðfest (eða afsannað) með rannsóknum óháðra aðila áður en því er slegið fram að "þær tegundir sem nú eru notaðar eru ekki ángangar..." (bls. 25). Í umfjöllun um ángangar tegundir er ekki gerð fagleg tilraun til að skoða og meta þann möguleika sem blasir við mörgum, að mikið er um sjálfsáða stafafuru og jafnvel sitkagreni í grennd skógarreitna með þessum tegundum. Hrópandi þörf er á faglegu mati um mögulega ágegni skógræktarplantna í íslenski náttúru og líklegum áhrifum til lengri tíma lítið, t.d. á varpstofna ýmissa fuglategunda og með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga stjórnvalda.</p>	

<p>Stjórn <b>HIN</b> tekur mjög mikilvægt að koma þeim skýru skilaboðum til yfirvalda skógræktar í landiinu að ÞAD VERÐUR AÐ VIÐHAFA MIKLU MEIRI VARÚÐ VIÐ VAL OG DREIFINGU Á INNFLUTTUM TRJÁTEGUNDUM. META VERÐUR HVORT LÍKUR SÉU Á AÐ TEGUND VERÐI ÁGENG. Slíkt mat verður að uppfæra reglulega í takt við nýjar rannsóknir og bættu þekkingu.</p> <p>Síðast en ekki síst verður Skógræktin að vera mun meira opin fyrir því að taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands og niðurstöðum vísindarannsókna og taka tegundaval í nýttjaskógrækt til endurskoðunar. Útbreiðsla ágengra plöntutegunda sem notaðar eru í skógrækt er að okkar mati alvarleg ógn við líffræðilega fjölbreytni í íslenskum þurrlandsvísterfum.</p> <p><b>Þóra Ellen Þórhallsdóttir</b> og <b>Ingbjörg Svala Jónsdóttir</b> gera athugasemdir við það hvernig hugtakið líffræðileg fjölbreytni er notað og ítrekum þann mikla vistfræðilega mun sem er á náttúrulegum birkisögum og þaulræktun barrviða í plantekrum. Að okkar mati falla stefnudrögin ekki nægilega vel að ýmsum skuldbindingum Íslands á alþjóðavettvangi, s.l. Bernarsamningnum, Samningnum um líffræðilega fjölbreytni (CBD) og Evrópska landslagssamningnum. Þá sýnast okkur stefnudrögin unnin í nokkru tómarúmi, þ.e. án hlífðsjónar af öðrum landnýtingarþörfum.</p> <p><b>Sigurður H. Magnússon</b> telur eftirfarandi tvær fullyrðingar standast illa skoðun: 1. Samkvæmt meirihlutaáliti Landsáætlunar í skógrækt er engin þeirra trjättegunda sem hér eru notaðar í skógrækt talin ágeng og er þá m.a. vísað til skilgreiningar í núverandi náttúruverndarlögum. 2. Einnig er tekið fram að stjórna megi útbreiðslu þeirra án vandkvæða og þar vísað til aðgerða á Þingvöllum og í Ásbyrgi.</p> <p>Þá er í áætluninni gert ráð fyrir að samin verði ný gæðaviðmið fyrir val á landi til skógræktar með þetta í huga því þau eldri (Skógrækt í sátt við umhverfið) séu að hluta úrelt orðin (bls. 24). Sigurður telur afar jákvætt að fá ný gæðaviðmið því að mikilvægt er að hafa samræmdar leiðbeiningar/reglur um hvar rækta megi skóg. Að samningu þessara gæðaviðmiða þurfa að koma menn með viðtæka og þverfaglega þekkingu á náttúru landsins.</p> <p><b>Landgræðslan</b> telur að betur þurfi að gera grein fyrir því í Landsáætlun um skógrækt að ágengra trjättegundir verði ekki notaðar í skógrækt. Jafnframt er fullt að þær tegundir sem nú eru notaðar í skógrækt séu ekki ágengra. Landgræðslan telur að það þurfi að fara fram greining á mögulegum langtímaáhrifum þeirra tegunda sem nú eru notaðar á innlend vistkerfi og hvort þær séu hugsanlega ágengra þegar horft er til lengri tíma. Að sérstaklega hefði þurft að fjalla um stafafuru (Pinus contorta) og mögulega áhættu af mikilli notkun hennar í skógrækt á Íslandi vegna þess að hún hefur verið flokkuð sem ágeng í mörgum löndum og talin ein mest ágengra trjättegund í heiminum. Þá vantar að sett sé fram áætlun um hvernig verði brugðist við ágengri tegund. Það er ekki ásættanlegt að vísa til reynslu við eyðingu trjáa á Þingvöllum og í Ásbyrgi sem fullnægjandi aðgerð í stjórnun ágengra tegunda.</p> <p>Sömuleiðis gerir Landgræðslan athugasemdir við að í Landsáætlun um skógrækt sé ekki sett fram nægilega afdráttarlau stefna um að skógrækt sé ekki stunduð í framtöstu votlendi.</p>	<p>Verkefnastjórn þakkar góðar ábendingar og tekur undir mikilvægi þess að verkferlar verði uppfærðir í takt við nýjar rannsóknaniðurstöður og bættu þekkingu. Texta í greinargerð um val á landi í kafla 2.2.4.3. hefur verið breytt á eftirfarandi leið: Í stað: " "Eldri gæðaviðmið, Skógrækt í sátt við umhverfið, eru orðin úrelt að hluta. Því verða ný samin og kynnt." stendur eftir breytingu: "Eldri gæðaviðmið, Skógrækt í sátt við umhverfið, eru orðin úrelt að hluta. Því verða ný samin og kynnt. Þar verður m.a. fjallað um val á landi til skógræktar, áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni, mat á áhrifum skógræktar á íslenska náttúru, landslag og Jarðminjar auk annarra mikilvægra þátta. Mun Skógræktin hafa forgöngu um það og verði þeirri vinnu lokið fyrir fyrstu endurskoðun þessarar landsáætlunar, þ.e. innan fimm ára." Er mikilvægt að það náist breið sátt um umhverfisgæðastaðla samfara því að haldgóðar forsendur þarf fyrir allri ákvarðanatöku</p> <p>Breytingar hafa verið gerðar og í umhverfismatsskýrslunni. Eftirfarandi hefur verið bætt við í kafla 3.3.3: "Það meginmarkmið landsáætlunar í skógrækt að auka bindingu kolvísingryngis úr andrúmsloftinu með aukinni skógrækt til að draga úr hlýnun andrúmsloftsins (meginmarkmið 2) hefur beina skírskotun til loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.</p> <p>Áhersla á að stuðla sérstaklega að útbreiðslu skóga á rofnu og örfoka landi (meginmarkmið 2 og 4) stýður markmið eyðimerkursáttmála Sameinuðu þjóðanna, þ.e. um varnir gegn eyðimerkurmyndun og endurheimt gróðurs á eyðimörkum.</p> <p>Áhersla á endurheimt náttúruskóga á sér beina samsvörun við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, þess efnis að stuðla beri að endurheimt glataðra eða raskaðra vistkerfa. Þá er notkun erfðalinda trjáa, þ.m.t. innfluttra tegunda, í þágu samfélaga, t.d. til atvinnusköpunar í dreifðum byggðum, einnig eitt af markmiðum þess samnings. Í þeim samningi er einnig að finna ákvæði sem varar við notkun þeirra innfluttra tegunda sem kunna að vera ágengra og rýra líffræðilega fjölbreytni. Engin innflutt trjättegund hefur sýnt af sér þá hegðun hérlendis. Enginn þeirra aðila sem hélt slíku fram í athugasemdum við drög að landáætlun í skógrækt gat bent á vísindaleg rök máli sínu til stuðnings. Þvert á móti, þá benda þær rannsóknir sem fyrir liggja (t.d. Skógvist <a href="https://www.ni.is/greinar/skogvist">https://www.ni.is/greinar/skogvist</a>) til þess að breytingar á líffjölbreytni séu ekki marktækt ólíkar eftir því hvaða trjättegund eigi í hlut og að hún rýrni ekki. Þannig eru áhrif stafafuru sviðuð áhrifum birkis og hvortug til rýrnunar á líffjölbreytni.</p> <p>Ramsarsamningurinn fjallar um vernd votlendis og AEWA samningurinn um vernd farfugla en Bernarsamningurinn fjallar um vernd líffræðisins almenn og því má segja að hann nái yfir sama svið og hinir tveir. Landsáætlun í skógrækt gerir ráð fyrir því að votlendi verði ekki ræst fram til skógræktar (markmið 4.3), sem stýður innþak Ramsarsamningsins um vernd votlendis. Áhrif aukinnar skógræktar á stofnstærðir einstakra fuglategunda eru flökun og ekki einhlit. Landsáætlun í skógrækt gerir ráð fyrir að áhrif skógræktar á fuglastofna verði að vakta og rannsaka nánar í samræmi við AEWA-samninginn. Þá er ákvæði um endurskoðun umhverfisgæðastaðla skógræktar ætlað að taka á ákvæðum Bernarsamningsins um almenna líffræðisvernd, þ. á m. sjaldgæfra tegunda og vistkerfa.</p> <p>Landslagssamningur Evrópu er mjög almennur og gengur út á að hvetja til skilgreiningar á landslagi og landslagsheldum sem þykja hafa verndargildi. Misjafnt getur verið hvort skógrækt þyki efla eða rýra verndargildi landslags. Skógrækt er ekki líkleg til þess að hafa sjálfkrafa neikvæð áhrif á landslag séu þeir hannaðir tili að falla að landslagi, eins og raunin er við skipulag nýskógræktar hérlendis. Landslagsvernd felst ekki í því að viðhalda skóglösum landslagi (berangri) hvarvetna, heldur þurfa líffræðilega fjölbreytni og skógrækt til að tryggja landslagsheldu. Þessu er dæmtur.</p>
<p><b>Öflun þekkingar á skógum og skógrækt og miðlun hennar (rannsóknir)</b></p>	
<p><b>Sveinn Rúnólfsson</b> og <b>Andrés Arnalds</b> vekja athygli á mikilvægi rannsókna. Merkilega fáar niðurstöður rannsókna á sjálfsáningu og langtímaáhrifum mest notuðu innfluttu tegundanna, stafafuru og sitkagrennis hafa verið birtar miðað við það hve mikil er í húfi. Í ritgerð sem kom út 2012 um útbreiðslu sjálfsáinnar stafafuru (Pinus contorta) við rætur Staðarfjalls í Suðursveit kom fram að gæta tegundarinnar til að dreifa sér væri mikil.</p> <p>Á hinum enda skalans eru hins vegar óbirtar en mikil auglýstar frumniðurstöður rannsókna á vegum Skógræktarinnar sem gerðar voru í Heiðmörk: „Innflutt tré ekki ágeng og stafafuru gætti hjálpað birki að breiðast út“.</p>	<p>Verkefnastjórn tekur undir mikilvægi rannsókna og miðlunar rannsóknaniðurstöðna og þekkingar til þess að ákvarðanatöku sé byggð á faglegum forsendum. Nauðsynlegt er að efla rannsóknir á öllum sviðum skógræktar, en einna brynast varðandi skógrækt sem mótvægisáðgerð vegna loftslagsmála og áhrif skógræktar á líffræði. Bregðast verður við þessum ábendingum með því að forgangsraða rannsóknarverkefnum eins og hægt er.</p>
<p><b>Ólafur Arnalds</b> segir að auka þurfi rannsóknir á hvaða áhrif tegundir hafa á vistkerfið.</p>	<p>Í kafla 2.2.5.2. er fjallað um rannsóknir og mikilvægi þess að efla þær á öllum sviðum skógræktar, sömuleiðis þarf að tryggja góða menntun þeirra sem vinna að skógrækt.</p>
<p><b>Ungir umhverfissinnar</b> skrifa í sinni umsögn að lítið sem ekkert sé til af rannsóknum um efnahagslegan ábata nýttjaskógræktar hér á landi og á þeim grundvelli megi spyrja sig um heildarárvinnning hennar umfram annarrar skógræktar í stóra samhenginu. Með það í huga þarf að skilgreina nánar þær skógræktir sem fyrirhugaðar eru aðrar en nýttjaskógrækt.</p>	<p>Ungum Umhverfissinum er þökkúð góð ábending og tekið undir mikilvægi þess að efla rannsóknir á sviði efnahagslegrar sjálfbærni skógræktar jafnt sem annarra þátta. Rett er að benda á að nokkrar rannsóknir hafa verið unnar á þessu sviði á sl. áratug. Sú stærsta er stórt rannsóknaverkefni Brynhildar Davíðsdóttur o.fl. sem er kallað "Virði Heiðmerkur", en í því er verið að bera saman mismunandi vistkerfisþjónustur útivistarskóga á borð við Heiðmörk. M.a. viðarnýjar, kolefnisbindingu, útivist, áhrif á ljóðheilsu, o.fl., o.fl. Það eru nokkrir framhaldsneinar að vinna að MS og PhD ritgerðum sínum úr þessu verkefni við HÍ á líðandi stundu. En athugasemdin er góð og bendir einmitt á rannsóknæfni sem brýnt er að verði betur sinnt. Í því sambandi má nefna að stór rannsóknámsókn er til meðferðar hjá RANNIS þar sem markmiðið er að gera slíkt auðlindahagfræðilegt mat á skógrækt á Íslandi og hvernig loftslagsbreytingar gætu haft áhrif á umhverfislega, félagslega og efnahagslega sjálfbærni mismunandi skógræktar með mismunandi markmið.</p>